

SIRKUS ^{RVK}

20. JANÚAR 2006 | 3. VÍKA

TILHUGALÍF
Í RÆKTINNI

9

MAGNADAR Á
MARKAÐNUM

ATLI

STAFRÓF FYRIR
FLOTTAÆFLA

SPURNINGA-
KEPPNI
DYRAVARÐANNA

ÉG ER FOKKING SNILLINGUR

ATLI ÞÓR ALBERTSSON ER LEIKARI
OG SPLUNKUNÝR STRÁKUR Á STÖÐ 2

STELPURNAR
Í SÓFANUM

STRÁKAR EIGA
AÐ SNYRTA SIG

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

HLJÓMSVEITIRNAR DIKTA, JEFF WHO? OG MAMMÚT ÆTLA AÐ HALDA STÓRTÓNLEIKA Á GAUKNUM Í KVÖLD. ÞAÐ ER HUGUR Í MÖNNUM FYRIR KVÖLDINU OG MÁ VÆNTA ÞESS AÐ ÞETTA VERÐI ALMENNILEGIR TÓNLEIKAR.



„ÉG LOFA FEIKNALEGU STUÐI“

DIKTA HELDUR SÍNA FYRSTU ALVÖRU TÓNLEIKA Á ÁRINU Í KVÖLD.

„Þetta eru í rauninni fyrstu alvöru tónleikarnir okkar á þessu ári,“ segir Jón Bjarni Pétursson, gítarleikari Diktu. Hljómsveit hans mun ásamt Jeff Who? og Mammút halda tónleika á Gauknum í kvöld.

RÍSA UPP EFTIR JÓLATÖRN

Strákarnir í Diktu hafa verið í fríu undanfarnar vikur eftir stífa jólatörn. „Við spiluðum mikið fyrir jól, 21. og 22. desember spil-uðum við síðast á tónleikum, meðal annars með Leaves á Gauknum,“ segir Jón Bjarni. Það var nóg að gera hjá sveitinni í jólavertíðinni enda sendi sveitin frá sér aðra breiðskífu sína fyrir jól, Hunting for Happiness. Platan hefur fengið frábæra dóma: fimm stjörnur í Mogganum og fjórar og hálfá hjá Rjomanum.is. Mætti það teljast ásættanlegur árangur og rúmlega það.

SKÁLAÐ Í BJÓR BAKSVIÐS

Jón Bjarni segir þá félagi ætla „að taka tonn af lögum af nýju plötunni“. Þeir munu stíga á stökk um tólf en húsið opnar klukkan ellefu. Það er hins vegar Mammút sem ríður á vadið og hefur tónleikana. Strákarnir í Diktu hafa spilað áður með Jeff Who? og segir Jón Bjarni sambandið milli hljómsveitanna gott. Kannski ekki eiginlegt vinasamband, en það er allavega skálað í bjór baksviðs og rokkið krefst ekki annars.

JEFF WHO? MEÐ STUÐI

Stuðið verður ekki í mikilli fjarlægð á Gauknum í kvöld. „Ég lofa feiknalegu stuði. Sérstaklega þar sem Jeff Who? er að spila þarna,“ segir Jón Bjarni. Tónlist Diktu er í rólegri dúr en tónsmíðar þeirra Jeff Who?-manna. „Þeir eru með stuðið en við erum kannski eilítið epískari,“ segir Jón Bjarni sposkur á svip. Húsið opnar sem fyrr segir klukkan ellefu og er betra að mæta snemma til að geta plantað sér fremst við sviðið.

-SHS

JEFF WHO? KEMUR MEÐ STUÐI.



KATRÍN MOGENSEN FER FYRIR KRÖKKUNUM Í MAMMÚT.

SIRKUS MÆLIR MEÐ



...sjónvarpsþáttunum Allir litir hafnsins eru kaldir. Í upphafi fyrsta þáttar virtist sem um enn einn illa leikinn íslenska sjónvarpsþáttinn væri að ræða. Nei, þá var það bara Ólafía Hrönn að ofleika. Á eftir henni fylgdu flott at-ríði og virkaði Reykjavíkin okkar eins og stór-borg í þessum fína þætti. Spennandi að sjá næstu tvo.



...Helginni með Eiríki Jónssyni. Í þáttunum fara þeir Eiríkur og Reynir Traustason á kostum þar sem þeir fá til sín skrytið fólk. Þættirnir eru reyndar á helst til of óhentugum tíma en hver er ekki tilbúinn að rífa sig á lappir fyrir Gissur Björn Eiríks. Vaknaðu klukkan ellefu á laugar-dagsmorgun og horfu á Helgina á NFS.



...veitingahúsinu Indian Mango. Þarna er um framaði matargerð að ræða og heimilislegt andrúmsloft. Indversk heimilisleg stemning er eitthvað sem allir verða að kynnast. Maturinn er mjög góður, þú þarft bara að þora að prófa.

...Dorrit Moussaieff. Dorrit er einhver heitasti Íslendingurinn um þessar mundir.

Hún kynnir landið með miklum sóma og með ýmsum hætti.

Hún fór á kostum á dögum þegar hún stíliseraði myndatöku af Unni Birnu fyrir tímaritið Hello og ekki var hún síðri í tímariti Times. Heilsaðu Dorrit næst þegar þú sérð hana.



BÓNDADAGURINN HEILAGUR

JÓN GNARR STENDUR VÖRÐ UM KARLMENNSKUNA.

Bóndadagurinn er í dag og karlmenn ættu að halda hann heilagan. Á Þríkinu verður það allavega gert með sérstöku karlrembukvöldi. Það er Gísli Galdur sem sér um að þeyta skífum af sinni alkunnu sníll. Því hefur verið lofað að hann muni haga sér eins og sönn karlremba og spila alvöru karlrembutónlist. Það syrtir í állinn hjá karlmönnum og hefur því verið spáð að konur verði komnar með öll völd innan tíðar. Það er því nauðsynlegt fyrir karlmenn að standa vörð um rétt sinn til að lifa. Ekki viljum við enda grillaðir á teini? Jón Gnarr hefur einnig tekið upp hanskan fyrir stofninn og frumsýnir leikritið Naglinn um helgina. Það er því einhver von fyrir strákana. Þó þurfum við ekki að hafa neinar áhyggjur því konur eru svívirtar enn þann dag í dag með lágu launum og klámvæðingu. Sjáum hvað setur.

Sólmundur Hólm



GÍSLI GALDUR ÞEYTR SKÍFUM Á KARLREMBUKVÖLDI.

SIRKUS

365

Auglýsingastjóri: Hannes Steindórsson
Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson
Söluþjóri: Einar Björgvin Davíðsson, sirkusauglýsingar@365.is
Ritstjórn: Hjörvar Hafliðason, Katla Rós Völudóttir og Sólmundur Hólm.
Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is
Prentun: Isafoldarprentsmiðja



Forsíðumyndina tók Heiða af Atla Þór Albertssyni

EFNI

4 – Sveppi vill vera frændi Björgólfs Thors

6-7 – Stelpurnar í sófanum vilja að karlmenn snyrti sig

8 – Niu magnaðar á markaðnum

10-11 – Atli Þór er fokking snillingur og splunkunýr strákur

12 – Heiða sýnir okkur íbúðina sína

14 – Spurningakeppni dyravarðanna

16-17 – Flottæfill frá A-Ö

22-23 – Flottustu vetraryfirhafnirnar

24 – Tilhugalíf í ræktinni

28-31 – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík



Bildstöfja
Skipkolti
Hafnarfirdi
Kopavogi



AMERICAN

STYLE

ERTU KOMIN MEÐ STYLE KORTIÐ?





LANGGAR AÐ EIGA BJÖRGÓLF THOR SEM FRÆNDA

SVERRIR ÞÓR SVERRISSON, SVEPPI, ER EINN VINSÆLASTI SJÓNVARPSMAÐUR LANDSINS. ÞÁTTUR HANS STRÁKARNIR ER KOMINN Á NÝJAN TÍMA Á STÖÐ 2 OG HEFST NÚ KLUKKAN HÁLF ÁTTA Í STAÐ ÁTTA. AUK ÞESS ERU STRÁKARNIR BÚNIR AÐ FÁ LIÐSSTYRK Í TVEIMUR NÝJUM STRÁKUM, ÞEIM ATLA ÞÓR ALBERTSSYNI OG GUNNARI B. SIGURÐSSYNI. SIRKUS RVK YFIRHEYRÐI SVEPPA.

HEFURÐU FORDÓMA GAGNVART FÓLK Í LJÓTUM BÍLUM?

„Já, það dettur inn öðru hverju. Ósjálfrátt á ég það til að dæma fólk eftir bílnum þess.“

EF ÞÚ VÆRIR KLÁMMYNDALEIKARI Í BANDARÍKJUNUM, HVAÐ MYNDIRÐU HEITA?

S. Krull.

HVAÐ TEKURÐU Í BEKK?

Á sínum tíma tók ég í kringum 70 kíló. Sem þótti ágætt.

EF ÞÚ MYNDIR SKORA SIGURMARKIÐ Í ÚRSLITALEIK HM Í FÓTBOLTA, HVERNIG MYNDIRÐU FAGNA?

Ég myndi taka tribble kollhnís án handa.

LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS-IÐ SEM ÞÚ FÉKKT OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?

Ég fékk þetta frá félagu mínum. „Gleðilegt ár litli skáeygði viðbjóður. Drottinn blessi þig. Kv, þinn venur Sveinn Magnússon.“

BÝRÐU YFIR EINHVERJUM SÉRSTÖKUM HÆFILEIKUM?

Ég get verið með kúst á nefinu.

EF ÞÚ MÆTTIR VELJA ÞÉR FRÆNDA, HVERN MYNDIRÐU VELJA?

Ég væri til í að eiga Björgólf yngri sem frænda.

Ég held að hann sé hress tappi. Hann er líka alltaf flottur. Ég held að hann sé skemmtilegur milljarðamæringur.

GÆTIRÐU HUGSAÐ ÞÉR AÐ SEMJA LAG EF EITT-HVERT HNEYKSLISMÁL KÆMI UPP?

Nei, ég myndi líklega aldrei gera það.

VAR ÞÉR STRÍTT Á AÐ VERA HREINN SVEINN?

Nei, mér var ekki strítt. Við félagarnir klárðu um þetta allir á svipuðum tíma.

HVER ER MEÐ VERSTU PRUMPUFÍLUNA SEM ÞÚ ÞEKKIR?

Það er Simmi Vill [Idol kynni]. Það er eins og rassinn á honum tali þegar hann prumpar.



HVERNIG MYNDIRÐU HAFNA AUGLÝSINGUNA ÞÍNA Á EINKAMÁL.IS?

Lítill krullóttur offitusjúklingur leitar að góðri stúlku í langtímasamband. Hún þarf að vera lifandi.

HEFURÐU EINHVERN TÍMA HÖSTLAÐ ÚT Á AÐ ÞEKKJA AUÐUN BLÖNDAL?

Ég hef alltaf verið í föstu sambandi frá því ég kynntist Auða. En ef ég væri á lausu þá myndi ég reyna að höstla út á að þekkja hann.

HEFURÐU SPÁÐ Í AÐ TATTÚERA NAFN KÆRUSTU ÞINNAR Á ÞIG?

Nei, og ég hef aldrei hugsað mér að gera það. Þó að ég beri mjög mikla virðingu fyrir konunni minni og nafninu hennar.

FER Í TAUGARNAR Á ÞÉR AÐ VINUR ÞINN SÉ RÍKARI EN ÞÚ?

Nei, af því ég nýt góðs af því einstaka sinnum.

EF ÞÚ SÆIR BUBBA FULLAN NIÐRÍ BÆ, MYNDIRÐU ÞÁ HRINGJA Í HÉR OG NÚ OG SEGJA ÞEIM FRÁ OG FÁ SMÁ AUKAPENING?

Ég myndi frekar, ég myndi frekar reyna að ná í gítar og fá hann til að taka einhverja slagara.

BÖGGARÐU ALLTAF FRÆGA Á DJAMM-INU?

Ég gerði það þegar ég var yngri. Í gamla daga bögg-aði ég Stein Ármann því mér þótti hann svo fyndinn og þykir enn.



BÚÐU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐMÆL-ANDA.

Hefurðu séð foreldra þína allsbera á sama tíma?

SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



...leti í skamdegínu. Það eru margir sem sitja heima vælandi yfir að hafa étið yfir sig og strjúka feita vömb. Svo vælir fólk yfir því að það sé svo erfitt að koma sér af stað í ræktinni því það sé svo dimmt og drungalegt. Ekkert helvitis rugl, bara hunskast á lappir og beint á hlaupabrettið.



...sumardekkjum. Það er ömurlegt að lenda á eftir einhverjum hálfvita sem spólar í brekku því hann tímdi ekki að kaupa sér nagladekk. Svo er þetta lið dúnrandi aftan á hvert annað eins og beljur á svelli. Það er góðæri, splæsið í nagla og ekki vera að láta fólk ýta ykkur um allan bæ.



...Blaðinu. Þetta er eitthvert stefnulausa blað sem til er. Mestu þúðri eyðir þessi fjölmiðill í að gagnrýna aðra fjölmiðla í stað þess að segja fréttir. Sirkus hefur að vísu farið varhluta af biturð Bláðsins en í guðanna bænum farið þið Blöðungar að reyna að skúbba einu sinni í staðinn fyrir að velja ykkur upp úr því sem aðrir fjölmiðlar gera.



...endalausum spjallþáttum um ekki neitt. Hefur fólk ekkert betra að gera en að liggja yfir einhverjum kjaftapáttum allan daginn þar sem fólk kemur og þykist vera gáfað? Þetta er eitthvað sem fer vel í fólk sem hangir heima og nennir ekki að vinna. Það getur setið heima og horft á hina ýmsu fjölmiðlamenn láta sem þeir séu beinskeyttir.

AMERÍSK HETJA Í SPANDEXGALLA

„Hetjan mín var tvímælalaust Captain America,“ segir Helgi Þór Arason söngvari. „Þegar ég var yngri að spila SEGA-tölvuleiki var þetta aðalmaðurinn. Hann var alltaf yfir öllum gengjum og aðalgæinn.“ Búningurinn hjá Captain America var ekki heldur ekki af verri endanum. „Þetta var amerísk hetja í spandexgalla með skjöld og sverð,“ segir Helgi.

Varstu heillaður af spandexgallanum?

„Nei, ég held að það hafi ekki verið hann sem fangaði athygli mína,“ segir Helgi hlæjandi. „Ég held að það hafi verið af því að hann var aðal. Þó svo að ég hafi ekki verið mikill aðdáandi spandexgalla og ameríska fánans nú á seinni árum, þá var ég það engu að síður þarna,“ segir Helgi og útilokar ekki að þarna sé um þroskamarki að ræða.

Helgi segist alltaf hafa verið mikill tölvunörd. „Ég held að ég hafi rétt sloppið frá því að sökkva í hlydþýpi tölvuleikjaveraldar,“ segir Helgi sigri hrósandi.

Þú hefur ekkert orðið árársargjarn af þessari tölvuleikjanotkun?

„Nei, ég er ekki alvarlega árársargjarn,“ segir Helgi og hlær.



HETJAN MÍN

AMERICAN IDOL
BYRJAR 23. JANÚAR KL 21:00

JÓNSSON & LE' MACKS • JI.15



VINSÆLASTI SJÓNVARPSPÁTTUR HEIMS Á SIRKUS

HVER STENDUR UPPI SEM IDOL-STJARNA BANDARÍKJANNA?

FYLGSTU MEÐ!



STRÁKAR EIGA AÐ SNYRTA SIG

KÖLD ERU KVENNAÁÐ. ÞAÐ ER GAMAN AÐ LIGGJA Á HLERI ÞEGAR KONUR KOMA SAMAN. SIRKUS RVK. ER ENGIN UNDATEKNING HVAÐ ÞAÐ VARÐAR OG FÉKK NOKKRAR STELPUR TIL ÞESS AÐ KÍKJA TIL SÍN Í RAUÐA SÓFANN OG SPJALLA. ÞÆR LÉTU MÓÐAN MÁSA OG DRÓGU EKKERT UNÐAN.



DRYKKJA...



BROS...



... OG HLÁTRASKÖLL.

HELGA TEITSDÓTTIR, 24 ÁRA. Á LAUSU, VAR Í ÞRIGGJA ÁRA SAMBANDI. ER Í BÓKMENNTA-FRÆÐI Í HÁSKÓLA ÍSLANDS.

BIRNA BRYNDÍS ÞORKELSDÓTTIR, 23 ÁRA. STUNÐAR NÁM Í GRAFÍSKRI HÖNNUN VÍÐ LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS. ER BÚIN AÐ VERA Í SAMBANDI Í ÞRjú ÁR. ER ÚR AUSTURBÆNUM, VAR Í HÁ-TEIGSSKÓLA.



Eg myndi segja að ég sé mjög framgjörn kona í augnablikinu.

Birna: Ég sé fyrir mér að klára B.A-próf. Taka barnapakkan eftir það, svo taka masterinn. Rumpa bara fjórum börnum af í millitíðinni.

Eva: Ég held það sé einmitt mjög sniðugt að vera í námi og barneignum á sama tíma, maður getur hagrætt tíma sínum svo vel.

Birna: Eina sem er að ég get ekki tekið mastersnámið hérna heima, tek bara karlinn með mér. Hann verður bara heimavinnandi með börnin á meðan ég er í námi.

Eva: Ég vil einmitt hafa það þannig, að þegar ég kem heim til mín, þá er karlinn heima að elda og þrifa.

Eyrún: Don't we all? Stelpurnar hlæja.

AF HVERJU MEGA STELPUR EKKI SOFA HJÁ EF ÞÆR VILJA?

Út frá þessari umræðu fara stelpurnar að tala um orðið femínisti og misskilninginn sem felst í því. Þær telja sig allar vera mikla jafnréttissinna og þykir leitt hvað orðið femínisti er komið með mikinn neikvæðnistón yfir sig.

Helga: Ef sumar konur vilja taka á móti manningnum sínum heima með pottrétt, þá er það bara allt í fína.

Eyrún: Við erum bara öll manneskjur og misjöfn eftir því og þurfum að bera virðingu hvert fyrir öðru.

Birna: Mér finnst einmitt vera í dag eins og það sé einhver neikvæður hlutur ef kona vill vera heima til þess að þjóna manningnum. Maður verður náttúrulega að virða val hvers og eins.

Helga: Það þykir rosalega gamaldags, ekki í takt við tímann einhvern veginn. Sem þarf ekkert að vera. Við eigum náttúrulega að vera með sömu tækifærin.

Eva: En það er einmitt málið. Við höfum ekki sömu tækifærin. Til dæmis í sambandi við Quentin Tarantino-umræðuna. Þar var ekkert nefnt að karlmenn væru að henda sér á íslenskt kvenfólk. Ég er komin með svo mikið leið á að íslenskt kvenfólk sé stimplað lauslátt. Hvar eru karlmennirnir í þessari umræðu?

Birna: Kvenfólk í Danmörku og Svíþjóð sefur alveg jafn mikið hjá eins og þær íslensku.

Helga: Þetta er bara orðið eitthvert hæp að segja að íslenskt kvenfólk sé lauslátt.

Eyrún: Ég finn eiginlega ekkert fyrir þessu ef ég má segja eins og er, ég er ekkert að lenda í útlenskum gaurum sem spyrja: You wanna fuck?

Stúlkurnar hlæja að þessum vangaveltum.

Eyrún: Ég hef reyndar hitt nokkra svekka útlenska gaura sem hafa verið á bömmur og fundist þeir hafa verið plataðir.

ÓHREINIR KARLMENN?

Eva: Ég hef ekki lent í þeim.

Birna: Ég myndi bara benda drengnum á að fara í sturtu.

Eyrún: Ég gæti aldrei verið með einhverjum sem mér þætti vond lykt af.

Birna: Það er allt í lagi með suma svitalykt. Mér finnst hún til dæmis góð af kærastanum.

Helga: Svitalykt er mismunandi. Sum lykt er góð en önnur ekki. Það er að segja í réttum aðstæðum.

Eyrún: Strákar eru samt miklu kröfuharðari á stelpur. Það er eins og þeim finnst allt í lagi að vera með hor í nefinu en gellan þarf að vera rosafloft.

Helga: Maður á að vera búinn að vera í tveggja klukkutíma brasilían vaxi.

Eva: Það er samt spurning hvort það séu karlmennirnir eða bara okkar samfélag.

Eyrún: En ef konur eru að taka þátt í því þá erum við bara að gefa þeim leyfi til þess að búast við því. En ef það er stelpa sem er óhrein þá er það saga til næsta bæjar.

Eva: Ég man nú eftir einhverjum strák sem var kallaður fýla eitthvað.

ÞAÐ SLEMA Í ÞJÓDFÉLAGINU?

Birna: Ætli það sé ekki þessi klámvæðing sem er í gangi.

Eva: Líka þessi efnishyggja, hún er orðin eins og stór bolti sem vindur upp á sig og snertir að einhverju leyti öll svið samfélagsins.



STELPURNAR SKENKJA SÉR Í GLAS.



GIRLS, GIRLS, GIRLS.



EVA DJÚPT HUGSI.



EVA HRAFNHILDAR BALDURSDÓTTIR, 23 ÁRA LAGANEMI Í HÁSKÓLA REYKJAVÍKUR. ER ÚR MIÐBÆNUM, VAR Í AUSTURBÆJARSKÓLA. HEFUR VERIÐ Í TVEIM-UR ÁRSLÖNGUM SAMBÖNDUM.

EYRÚN EGGERTSDÓTTIR, 23 ÁRA SÁLFRÆÐI- OG FÉLAGSFRÆÐINEMI Í HÁSKÓLA REYKJAVÍKUR. ER BÚIN AÐ VERA Í SAMBANDI Í SEX OG HÁLF TÁR. VAR Í HÁTEIGSSKÓLA, ER ÚR AUSTURBÆNUM.

Eyrún: Misskiptingin er að aukast í samfélaginu.
 Helga: Fólk þarf að vera aðeins gagnrýna.
 Eva: Það má ekki ræða um nein alvarleg mál í dag. Ekki til dæmis pólitík, þá er maður bara titlaður leiðinlegur.
 Birna: Ég var að vinna með unglingum í sumar, ég var í sjokki yfir því hvað þeir voru fordómfullir, til dæmis gagnvart útlendingum og samkynhneigðum.
 Eyrún: Já, það er í gangi svona don't give a fuck-humor, sem er orðinn svolítið þreytandi.
 Eva: En eins og með raunveruleikabættina, þurfum við að fara á sama plan og Bandaríkin? Til dæmis að hafa íslenskan Bachelor-þátt? Fólk horfir á þetta því því finnst lúmskt gaman að sjá aðra niðurlægja sig. Maður þarf líka að spyrja sig hver hugsjónin sé á bak við þessa þætti.
 Birna: Svo er þetta eins og að fólk sé tilbúið til þess að gera hvað sem er í sjónvarpi fyrir peninga.
 Eyrún: Það er engin ábyrgð tekin á neinu. Þetta sendir þau skilaboð að ef þú færð alveg nóg af peningum sé allt í lagi að sofa hjá hinum og þessum og ljúga.

HJÁLPARTÆKI ÁSTARLÍFSINS?

Hlátrasköllin dynja þegar stúlkurnar eru spurðar út í hjálpartæki ástarlífsins.
 Eva: Ég er ekkert rosalega hrifin af þessu, ég vil frekar hafa þetta náttúrulegt.

Birna: Ég fór í leiðangur um daginn, ég var bara hissa á því hvað það er komið mikið af kynlífsbúðum í Reykjavík.
 Eyrún: Við keyptum okkur fyrst svona tól þegar við vorum sautján ára.
 Birna: Já, einmitt, þá vorum við í Danmörku.
 Helga: Við vorum samt ekkert mikið að þískra um það.
 Eva: Ég fór einu sinni í eina slíka búð á Istegade í Kaupmannahöfn, þá kom bara afgreiðslukonan berbrjósta að afgreiða mig. Það er farið að vera með heimakynningar á þessu. Mamma sem er um sextugt og vinkonur hennar fengu tuttugu og fimm ára strákar til þess að sjá um heimakynningu.
 Helga: Ég held að ekki allir strákar fli að hafa einhvern aðskotahlut með sér og konunni í rúminu.
 Birna: Já, ég held að þetta sé frekar viðkvæmt fyrir suma stráka.
 Eyrún: Ég held að það séu alveg mjög margir sem nota þetta.
 Birna: Til þess að létta aðeins á fingrunum.

RAKSTUR SKAPAHÁRA?

Birna: Þetta með að raka allt af, mér finnst það geta verið svona tíu ára stelpulegt útlit. Mér finnst persónulega það vera fallegra að skilja aðeins eftir.

Helga: Það fylgir náttúrulega kynþroska að fá smá brúsk, afhverju á maður að raka hann allan af?
 Eyrún: Ég held að stelpur sem eru að stunda kynlíf og eru ekki á föstu séu almennt mjög meðvitaðar um að vera rakaðar að neðan.
 Birna: Sumum finnst þetta fallegra og betra fyrir munnmök, upp á aðgengi.
 Eva: Ég myndi ekki vilja fá einhvern svakaloðinn bóner.
 Eyrún: Það er samt ekki alveg loðið út í enda.
 Birna: Hvað eiga þeir að gera, fara í vax?
 Eva: Þeir eiga samt bara að snyrta sig alveg eins og við.
 Birna: Hár er bara hár.
 Stelpurnar trúa ekki á bólfélaga. Þær segja að það hljóti að vera einhverjar tilfinningar í gangi hverju sinni.
 Eyrún: Svo verður maður einhvern veginn tilfinningaríkari með aldrinum, þegar ég var yngri fannst mér alveg spennandi að vera með bólfélaga.
 Birna: Þegar maður var yngri hringdi maður kannski í vinkonu sína og sagðist hafa riðið þessum alveg geðveikt, ég sé mig ekki alveg fyrir mér tala þannig í dag.
 Eva: Maður er ekki lengur cheering all the details.

Niðurstaðan er því sú að stelpurnar eru orðnar þroskaðri í dag en þær voru. Ýmislegt hefur breyst og klámvæðing- in virðist taka sinn toll í nútímaþjóðfélagi.



STRÁKAR MÆTTU VERA ÞRIFALEGRI.

ÞÚ SEGIR NOKKUD.


NÍU MAGNAÐAR Á MARKAÐNUM

ÖRVÆNTING HEFUR EFLAUST GRIPIÐ NOKKRA PIPARSVEINA SEM HUGSA MEÐ SÉR AÐ ALLT ÞAÐ BITASTÆÐA Á KVENNAMARKAÐNUM SÉ HORFIÐ. EN SVO ER EKKI. FJÖLMARGAR GLÆSILEGAR STELPUR ERU MAKALAUSAR OG ÞVÍ UM AÐ GERA AÐ SPARKA BURT JANÚARPUNGLYNDINU OG REYNA VIÐ ÞÍUR. SIKUS RVK. KANNAÐI MÁLIN Á KVENNAMARKAÐNUM OG AFHJÚPAR NÍU MAGNAÐAR.



SIGRÚN BENDER, FLUGNEMI OG FYRRVERANDI UNGRÚ REYKJAVÍK.

Hún hefur sviðið yfir skemmtanalíf borgarinnar að undanförunum og er ein sú heitasta á markaðnum. Pikköplínan á hana: „Hvað segirðu um að skella okkur í mile high klúbbinn.“ Hún hefur væntanlega heyrt þennan áður en segðu þetta eins og þú virkilega meinir það sem þú segir. Þá mun hún taka þér opnum örmum.



ANNA LILJA JOHANSEN, NEMI Í VIÐSKIPTAFRÆÐI.

Ung, gröð og rík með fullt af seðlum var einhver tímann sungið. Hvort það á við Önnu Lilju skal ósagt látið en vissulega er hún ung og rík eftir skilnaðinn við Þorstein í Kók. Pikköplína sem virkar á hana: „Sælur, má ekki bjóða þér Pepsi.“ Sírkus Rvk. lofar ykkur að hún fer að hlæja og þar með er ísinn brotinn og samræður geta hafist.



BERGLIND ÓLAFSDÓTTIR, ICY

Bomban ógurlega. Stelpan sem sigraði Hollywood. Berglind er Pamela Anderson okkar frónbúa. Pikköplína á Berglindi: „Sælur, ert þú ekki dóttir hans Ólafs?“ Ef það er eitthvað sem Sírkus Rvk. veit þá er það að konur elska einfaldan en beinskeyttan húmor. Berglind mun hlæja og hleypa þér nær sér.



UNNUR BIRNA VIÐJÁLMSDÓTTIR, UNGRÚ HEIMUR.

Fallegasta kona í heimi er á lausu. Allir í heiminum eru skotnir í henni og samkeppnin er hörð. Pikköplínan á hana: „Vissurðu að Unnur Birna er Runnu Anríb öfugt?“ Konur dá gamalt og klassískt grín en hvort það sé nóg til að hitta á markað hjá ungrú heimi verður látið kyrrt liggja.



RAGNHEIÐUR GUÐNADÓTTIR, UMSJÓNARKONA ÍSLANDS Í BÍTÍÐ

Eyjastúlkan sem fastalandið elskar. Hún á að baki knattspyrnumann og klíppara. Og er eflaust að biða eftir góðum flíppara. Góð en flíppu pikköplína á hana gæti verið: „Þú ert þó ekki dóttir Guðna Ágústssonar?“ Hún mun svara: „Nei, en hann biður sig fram í gamla kjördæminu mínu.“ Upp úr því eigið þið eftir að spjalla saman og hálfur sigur unninn.



ANNA RAKEL RÓBERTSDÓTTIR, SENDIHERRA REYKJAVODKA.

Ljósærði demanturinn hefur verið í upphaldi hjá þjóðinni allt frá því hún heillaði okkur á Skjá 1 í þættinum Sílikon. Pikköplína á hana: „Sæl vertu, þú ert þó ekki með Sílikon í júlunum.“ Ef Sírkus Rvk. þekkir Önnu Rakel rétt mun hún heillast af hugrekki þínu og lofa þér að setjast hjá sér og bjóða henni í glas.



GRÉTA MAR, KYNPOKKAFFYLSTA KONA LANDSINS AÐ MATI LESENDA SIKUSS OG VÍSIR.IS

Vonda stelpan úr Ástarfleyinu er búin að sigra hjórtu landsmanna. Hún gæti vel hugsað sér að detta í samband og því um að gera að vera nógu grimmur, sjáist hún á djammnu. Pikköplínan á Grétu Mar: „Sæl vertu, heyrðu ég held að það vanti nafnið Vá á milli Grétu Mar.“ Þá segir hún: „Hvað meinarðu?“ Þá segir þú: „Jú, mér finnst að þú ættir að heita Gréta Vá Mar.“ Þá fer hún að hlæja og augu þín munu mæta hennar djúpu brúnu og þokkafullu augum.



ANDREA RÓBERTSDÓTTIR, FYRRVERANDI FYRIRSÆTA OG SJÓNVARPSKONA.

Andrea sem hefur verið ein af fegurstu konum landsins í rúman áratug er á markaðnum. Hún er mikill kvenskörungur og líklega væri best að hösla hana með því að skrá sig í Feministafélagið eða ganga reglulega í bol V-samtakanna, ofbeldið burt. Þá lítur hún við þér. Góð pikköplína á hana gæti verið svohljóðandi: „Rosalega finnst mér ómurlagt hvað konur komu illa út úr prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ.“ Þarna tekst þér að spila feministaspilunum þínum rétt. Og þá skemmir ekki fyrir að Andrea er Garðabæingur og hefur áhuga á þessari setningu.



LINDA PÉTURSDÓTTIR, FYRRVERANDI UNGRÚ HEIMUR OG NÚVERANDI AUGLÝSINGA- & MARKAÐSSTJÓRI ISF

Ungrú heimur og ein af glæsilegustu konum Íslandssögunnar. Linda hefur upplifað allt og gæti kannski verið að leita sér að ungu- og glæsilegum strák. Og um að gera að reyna. Þeir skora sem þora. Línan sem gæti heillað Lindu gæti hljómað eitthvað á þessa leið: „Sæl vertu. Vissirðu að ég var ekki kominn með skapahár þegar þú vannst Miss World?“ Linda mun hrista hausinn en gefa þér séns því þú sýndir kjark.

MANST' EKKI EFTIR MÉR?

JÚLLI HÚSVÖRÐUR VAR Í ALVÖRUNNI HÚSVÖRÐUR

„Kanntu einhverja fleiri brandara,“ voru fyrstu viðbrögð Skagfirðingsins Frímans Lúðvíkssonar þegar blaðamaður bað hann um að rifja upp góða frammistöðu í kvikmyndinni Nýtt líf frá árinu 1983. Í myndinni lék Frímán Júlla húsvörð sem sýndi þeim Þór og Danna herbergið þeirra og hélt aga á verbúðinni í vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum.

„Ég var húsvörður á þessum tíma á verbúðinni í Vestmannaeyjum og því lá beinast við að ég tæki að mér þetta hlutverk,“ segir Frímán sem vinnur nú sem málari í Mosfellsbæ en var húsvörður í næstum 14 ár.

„Þetta var ótrúlega skemmtilegur tími þegar myndin var tekin uppp í Eyjum og það hefði auðveldlega verið hægt að gera aðra mynd úr því sem ekki var notað.“

AXEL BÓNSVÍKINGUR STADDUR Í LITHÁEN EÐA LETTLANDI

Blaðamaður er mikill aðdáandi Nýs lífs og talið berst að öðrum persónum í myndinni og þá sérstaklega Axel sem var fyllibytta en bónsvíkingur mikill á vertíðinni. „Eiríkur, vinur minn (Axel), hann er nú fluttur til Lettlands eða Litháens. Hann starfar þar á vegum Hampiðjunnar,“ segir Frímán sem enn er stoppaður á götu úti og spurður hvort hann hafi ekki verið í Nýju lífi.

„Það er mjög fyndið að lenda í því að fólk



þekki mann. Ég var staddur úti á Ísafirði um daginn og sá að einhverjir menn horfa til mín. Ég hélt að þeir ætluðu að vera með einhverja stæla því það er algengt að menn séu með stæla því ég er aðeins minni en flestir aðrir. Svo gekk einn þeirra að mér og spurði hvort hann mætti spyrja mig einnar spurningar. Hann spurði hvort þetta væri í alvörunni ég. Ég játaði því. Þá komu allir félagar hans og tjáðu mér að þeir horfðu á myndina að minnsta kosti einu sinni í mánuði.“

LÉK Í STELLU Í FRAMBOÐI

Árið eftir bað Guðný Halldórsdóttir Frímán um að leika í mynd sinni Stella í Orlofi en Frímán afþakkaði pent en þókaðist þó Guðnýju þegar hann lék í Stellu í framboði.

SKELFILEG ÆSKA – HRYGGBROTNAÐI SEX ÁRA

Æska Skagfirðingsins var frábrugðin flestra.

Aðeins sex ára gamall hryggbrotnaði hann og lá á spítala í átta ár nánast rúmliggjandi allan tímann. „Ég fór aldrei í skóla. Það kenndi mér enginn. Ég kunní að vísu að lesa áður en ég hryggbrotnaði. Fyrsta próf sem ég tek á ævinni var bílprófið þegar ég var 18 ára en hafði þó átt bíl frá því ég var 15 ára,“ segir Frímán nokkuð brattur.

Frímán hefur fengist við ótalmörg störf. M.a. við fiskvinnslu, húsvörslu, málun, lag-eristörf og afgreiðslu á bensinstöð.

GRUNAÐUR UM ÞJÓFNAÐ

Frímán lá lengi undir grun fyrir þjófnað á Esso í Mosfellsbæ þar sem hann starfaði sem vakstjóri á bensinstöð fyrir rúmum tíu árum síðan. En peningataska sem hann hafði farið með í bankann týndist og í fjögur ár héldu Mosfellingar og yfirmenn í Esso að Frímán væri ræningi. „Ég hef aldrei verið almennilega hreinsaður af þessum á sökunum. Það var rafvirki sem fann töskuna fjórum árum eftir að hún hafði týnst. Við vorum aldrei reknir á meðan taskan var týnd en svo vorum við báðir vaktstjórnarnir reknir við fyrsta tækifæri eftir að taskan með milljón hafði fundist.“

NJÓTTU LÍFSINS MEÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL

KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust. Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirumi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.



KEA
Skyr



FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

„ÉG Á SEX ÁRA SON SEM ER
BÚINN AÐ VERA MIKILL AÐ-
DÁANDI. ÞANNIG AÐ
SÍÐASTA SÍSON ER ÉG
BÚINN AÐ FYLGJAST VEL
MEÐ ÞEIM, AÐALLEGA TIL
ÞESS AÐ GETA GRIPID FÝRIR
AUGUN Á SYNI MÍNUM.
ÞANNIG AÐ ÉG VISSI
ALVEG ÚT Í HVADA
BRJÁLÆÐI ÉG VAR
AÐ FARA.“

ATLI ÞÓR ALBERTSSON ER
SPLUNKUNÝR STRÁKUR.

Þetta er alveg ömurlegt,“ segir Atli Þór Albertsson sem er genginn til liðs við Strákana á Stöð 2. Hann segist sjá eftir að hafa tekið starfið að sér. Þó er ekkert að marka þessar tvær fullyrðingar því hann er fljótur að leiðrétta sig. „Þetta er bara mjög gaman,“ segir hann og skiptir um ham. Hann er orðinn alvarlegur – eins alvarlegur og hann getur orðið.

FOKKING SNILLINGUR

Sjónvarpsáhorfendur ættu að kannast við Atla úr tveimur auglýsingum. Annars vegar Atlas-auglýsingu þar sem hann fer með hlutverk Alla Atlas; aflitaðs náunga í hlýraból sem lifir fyrir sólarlandaferðir og skemmtanalíf. Hins vegar ættu áhorfendur að þekkja hann sem Adda Idol sem fer á kostum hvert föstudagskvöld í Og Vodafo-ne-auglýsingu þar sem hann syngur fyrir

kindur og lætur sig dreyma um að rústa hótélherbergi í framtíðinni. Báðar eiga þessar auglýsingar það sameiginlegt að vera eftirminnilegar. „Já, ég er fokking snillingur,“ segir Atli hlæjandi og bendir á að þetta séu ekki einu skiptin sem hann hefur slegið í gegn í auglýsingu. „Nei, hendurnar á mér áttu stórgóða frammistöðu í tölvuauglýsingu fyrir Anza, þar var ég að spila á píanó.“

SKOTINN Í GÓA

Atli segist vera „höfuðborgarsvæðiskvikindi“. „Ég bjó fyrstu árin mín í Hafnarfirði, bombaðist þaðan upp í Breiðholt og fór svo þaðan á Seltjarnarnesið. Þar var ég alla mína skólagöngu.“ Að Valhúsaskóla loknum hóf Atli nám í Kvennaskólanum í Reykjavík. Þar lágu leiðir hans og biskups-sonarins Guðjóns Davíðs Karlssonar [Góa] saman. Þeirra samband hefur verið sárs-

aukafullt enda miklar tilfinningar þeirra í millum. „Ég var í Kvennó með Góa og svo vorum við bekkjarfélagar í Leiklistarskólanum. Ég held við höfum bara verið þínulítið skotnir hvor í öðrum við Gói, einhver kemistría í gangi allavega. En við ræðum það ekki í dag. Við erum í fjarbúð því hann er á Akureyri,“ segir Atli sem sjálfur býr ásamt Bryndísi Ásmundsdóttur eiginkonu sinni og barni þeirra á Seltjarnarnesinu. Allt er þó óvíst með framtíð sambands Atla og Góa.

Í LEIKLISTARSKÓLANN ÁN ÞESS AÐ VERA LEIK-ARABARN

Atli fór í leiklistardeild Listaháskóla Íslands að Kvennaskólanum loknum.

Ertu leikarabarn?

„Nei, ég er það ekki.“

Hvernig komstu þá inn í leiklistarskólann?

„[Hlær] Það hefur ekki verið sett sem inntökuskilyrði hingað til. En mamma er reyndar mjög hress,“ segir Atli og útilokar ekki að það hafi hjálpað honum við að komast inn í skólann. Hann segir þó að á þeim tíma sem hann sótti um hafi hann ekki séð sig fyrir sér í þætti eins og Strákunum. „Ég átti meira von á því að maður færi að leika í einhverri meiri klassík en að labba í gegnum bílaþvottastöð,“ segir Atli og hlær. „Þetta var áskorun að koma inn í þetta, sérstaklega þar sem þetta er mjög gróinn hópur. Þetta eru frábærir strákar, skemmtilegir utan vallar sem innan.“

GÆTI ORÐIÐ FORSTJÓRI FL GROUP

Atli segir að leiklistarnámið nýtist manni í öllu. „Ég gæti þess vegna orðið forstjóri FL Group,“ segir hann og hlær. Það ætti því ekki að vera mikið mál fyr-

ÉG ER FOKKING SNILLINGUR

ATLI ÞÓR ALBERTSSON ER LEIKARI SEM HEFUR FARIÐ Á KOSTUM Í HLUT-VERKI ADDA IDOL Í OG VODAFONE-AUGLÝSINGUM SEM SÝNDAR ERU KRINGUM IDOL-STJÖRNULEITINA. HANN GEKK Á DÖGUNUM TIL LIÐS VIÐ ÞÁ AUDDA, PÉTUR OG SVEPPA Í STRÁKUNUM Á STÖÐ 2 ÁSAMT GUNNARI SIGURÐSSYNI. ÞAÐ ER BJART FRAMUNDAN HJÁ ATLA.

„ÉG ÁTTI MEIRA VON Á ÞVÍ AÐ MAÐUR FÆRI AÐ LEIKA Í EINHVERRI MEIRI KLASSÍK EN AÐ LABBA Í GEGNUM BÍLAÞVOTTASTÖÐ.“

ir hann að detta inn í þátt eins og Strákana með leiklistarbakgrunninn.

En vissirðu alveg hvað þú varst að fara út í?

„Ég á sex ára son sem er búinn að vera mikill aðdáandi. Þannig að síðasta síson er ég búinn að fylgjast vel með þeim, aðallega til þess að geta gripið fyrir augun á syni mínum. Þannig að ég vissi alveg út í hvaða brjálæði ég var að fara.“

ÞEKKIR HEMMA GUNN

Höfuðstöðvar Strákanna eru uppi á Lynghási þar sem allt iðar hreinlega af lífi. Þar vappa stórstjórnur íslenskrar fjölmiðlunar um og hlæja saman.

Ertu búinn að hitta Hemma?

„Hemma Gunn? Já, hann er hress, ég þekki Hemmann, hann og konan mín eru miklir vinir.“

En Ívar Guðmunds?

„Nei, ég hef ekkert hitt á Ívar Guðmunds, er hann hress?“

Já, það held ég.

„Já, hann er örugglega hress. Annars hef ég aðallega vingast við fólk í mötuneytinu, ég hitti það mjög oft. Ég er síétandi.“

PRÓDÚSENTINN SKEMMTILEGASTUR

Atli segir að hinir strákarnir taki honum vel og stríðnin í hans garð hófleg.

Hver er skemmtilegastur?

„Ég myndi segja að pródúsentinn okkar sé skemmtilegastur. Það er líka af því að ég er skotinn í konunni hans.“ segir Atli.

Reddaði hann þér kannski vinnunni?

„Jú, hann reddaði mér vinnunni.“ segir hann og hlær.

Af hverju er hann ekki í sjónvarpinu? Er hann ekki jafn fjallmyndarlegur og Pétur Jóhann og Sveppi?

„Jú, hann er miklu myndarlegri en þeir. Hann er hins vegar einn fjórði Skoti, eða Wales-búi, ekki er það betra.“

GRENNRI EN SVEPPI

Atli þarf að gera ýmislegt í þáttunum sem ekki allir myndu láta hafa sig út í. Hann segist ekki hika við að fara á brókina eða rífa sig úr að ofan fyrir þjóðina.

Ertu í góðu formi?

„Neinei, ég er í hrikalegu formi, búinn að niðþyngjast á einu ári en það er á leiðinni til baka.“ segir Atli. En spurður hvort hann sé feitari en Sveppi þarf hann að bera það undir fleiri aðila. „Gunn! Er ég feitari en Sveppi?“ kallar Atli. Gunnar Sigurðsson, hinn nýi Strákurinn, hefur svörin á reiðum höndum og fullyrðir að Sveppi sé feitari. Nektina hræðist Atli ekki enda öllu vanur úr Leiklistarskólanum. „Maður er vanur að vera með nefið í sveitum

rössum.“ segir Atli hokinn af reynslu.

Nýju Strákarnir eru tveir, Atli Þór og Gunnar Sigurðsson. Atli segir að enginn metingur sé í gangi milli þeirra. „Við þekkjumst. Við Gunnir erum gamlar Morgunblaðsrottur, búinir að vera í sömu störfunum heillengi, við byrjuðum niðri í Austurstræti þannig að við höfum þekkt lengi. Annars er enginn metingur í þessum hóp, hver hefur sinn styrk. Fyrir utan að Auddi kann illa við að tapa, en það háir ekki samstarfinu.“

BJARTIR TÍMAR

Það er bjart framundan hjá Atla sem reynir nú fyrir sér á nýjum vígstöðvum. „Nýtt ár, nýir tímar, nýtt starf. Ég tala eins og ég sé á geðlyfjum en maður verður að vera jákvæður.“ segir Atli Þór Albertsson. Nýr Strákur á sjónvarpsskjánum.

Sólmundur Hólm

11

„Ég hef búið hérna í þrjú ár,“ segir Aðalheiður Ólafsdóttir söngkona. „Ég og kærastinn vildum frekar kaupa í staðinn fyrir að fara út á leigumarkaðinn. Ég féll fyrir þessari íbúð. Hún höfðaði til mín einhvern veginn. Ég var líka að vinna á leikskóla sem er staðsettur hérna við hliðina á svo að staðsetningin var mjög heppileg.“
 Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?
 „Ég myndi segja að ég sé með mjög einfaldan stíl. Ekki mikið fyrir að ofhlaða. Ég myndi segja að ég sé heimakær og vilji hafa kósi stemningu í kringum mig.“ Annars er nóg að gera hjá Heiðu þessa dagana. „Jú, það mætti segja það. Ég er að fara að syngja í Eurovision-keppninni, svo er ég í Söngkaballettnum Nina og Geiri/Björgvin Halldórsson sem er sýndur á Broadway. Einnig er ég að kenna við Tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna og er líka að fylgja eftir plötunni,“ segir Heiða.

SIRKUS RVK. HELDUR ÁFRAM AÐ KÍKJA HEIM TIL FÓLKS OG FÁ ÁLITSGJAFNA TIL AÐ GISKA Á HVERNIG TÝPA Á HEIMA ÞAR. Í ÞETTA SINN LITUM VIÐ INN TIL SÖNGKONUNNAR HEIÐU. EFTIR ÞAÐ FENGUM VIÐ PLÖTUSNÚÐINN ELLEN TIL AÐ REYNA AÐ GISKA HVERS KONAR TÝPA BYR Í ÍBÚÐINI.

SIRKUS RVK KÍKIR Í HEIMSÓKN

HVERNIG TÝPA Á HEIMA HÉR?

SIRKUSMYND - HEIÐA



ELDHÚSIÐ

„Rosalega venjulegt en samt notalegt eldhús, mér finnst þetta eiginlega flottasta herbergið af þessum þremur. Myndi halda að hún ætti lítið barn eða börn sem ekki eru komin á skólaaldur. Henni finnst ábyggilega gaman að elda og hugsa um heimilið og manninn sinn.“



ÞETTA SAGDI ELLEN



SJÓNVARPSHERBERGIÐ

„Hérna ræður kvennaður greinilega ríkjum því það er mikið dúlleri í gangi. Rómantískt umhverfi með engla-mynd á veggnum. Eitthvað sem karlmaður myndi alls ekki setja upp í svefnherberginu sínu. Ég held samt að það búi þar hér því það eru tvö náttborð og lampi báðum megin, ekki nema að hún sé að biða eftir þeim eina rétta.“



STOFAN

„Við fyrstu sýn myndi ég telja að húsgögnin væru valin af manneskju um og yfir þrítugt. Mjög ópersónuleg og köld stofa. Ein lítil mynd á veggnum sem hverfur döldið bak við þungan og stóran sófa, döldið eins og að koma í finu stofuna til ömmu gömlu þar sem ekki mátti snerta neitt.“

LOKANIDURSTAÐA

„Hérna býr greinilega mjög heimakær kona eða þar um og yfir þrítugt í hjónabands- og barnahugleiðingum ef það er ekki þegar komið eitt lítið kríli. Það er eitthvað sem segir mér að hún sé utan af landi, get ekki alveg rökstutt af hverju. Myndi halda að þetta væri dægurlagasöngkona.“

útsala

allt að 70% afsláttur




DOGMA

LAUGAVEGI 30 | GLERÁRTORGI
SÍMI 562-6600 | SÍMI 461-1616

dogma leitar að starfsmanni!

vantar starfsmann í ábyrgðarfullt starf
við afgreiðslu í verslun okkar á laugavegi.
umsókn með mynd berist til: dogma@dogma.is



TALHÓLF FRÆGA FÓLKSINS...

SKILDU EFTIR SKILABOÐ

Eurovision-stjarnan okkar er með svohljóðandi talhólfskveðju:

„Þetta er Selma, ég er upptekin. Skildu eftir skilaboð.“

Þessi talhólfskveðja er ekki sómakonu sæmandi. Sá sem hringir fær það strax á tilfinninguna að Selma vilji bara ekkert tala við hann eða hana. Hún mætti taka Einar Bárðarson sér til fyrirmyndar sem skjallar fólk á öllum tungumálum. Einnig gæti hún leitað í smíðju meistara Bubba sem samdi óskiljanlega en ljóðræna talhólfskveðju. Þetta er hinvegar óvinaleg talhólfskveðja.



GUSSI Á OLIVER VS. KOBBI Á GAUKNUM

SPURNINGAKEPPNI DYRAVARÐA

Í SÍÐUSTU VIKU SIGRAÐI HAFFI Á PRIKINU TRYGGVA Á KLÚBBNUM. Í ÞESSARI VIKU MÆTAST ÞEIR GUSSI Á OLIVER OG KOBBI Á GAUKNUM. KEPPNIN ER MEÐ EINDÆMUM SPENNANDI OG HJARTVEIKIR BÆÐNIR UM AÐ LÍTA UNÐAN.



1. HVERS LENSUR ER DOLPH LUNDGREN SEM LÉK DRAGO Í ROCKY IV?

Gussi: Sænskur

Kobbi: Sænskur

2. KIO BRIGGS VANN SEM DYRAVÖRÐUR HÉR Á LANDI MEDAN Á DVÖL HANS STÓÐ, EN HVERT ER MILLINAFN HANS?

Gussi: Oliver

Kobbi: Man það ekki

3. GETURÐU NEFNT MÉR SKEMMTIÐ Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR SEM HÉT EFTIR STÓRBORG Í ÞÝSKALANDI?

Gussi: Berlín

Kobbi: Dortmund

4. EFTIR AÐ SPORTCAFÉ LOKAÐI VAR OPNAÐUR ANNAR STAÐUR SEM REYNDAR ER BÚIÐ AÐ LOKA, HVAD HÉT HANN?

Gussi: Ég veit það ekki

Kobbi: Ekki hugmynd

5. HVAD REIF PATRICK SWAYZE ÚR VONDA KALLINUM Í ROADHOUSE? A) AUGA, B) BARKAKÝLI EÐA C) VÍGTÖNN

Gussi: Barkakýlið

Kobbi: Barkakýlið

6. HVAD HEITIR MAGGA MASSI (FULLT NAFN)?

Gussi: Margrét Sigurðardóttir

Kobbi: Margrét Guðmundsdóttir

7. Í HVADA STJÖRNUMERKI ER MAÐUR SEM FÆDDUR ER 15. APRÍL?

Gussi: Hrutur

Kobbi: Meyja

8. FRÁ HVADA LANDI ERU ÞEIR FERÐAMENN SEM EYÐA MESTUM PENINGI HÉR Á LANDI?

Gussi: Bandaríkjunum

Kobbi: Japan

9. HVOR ER ELDRI, HALLDÓR ÁSGRÍMSSON EÐA DAVID ODDSSON?

Gussi: Halldór


Kobbi: Halldór

10. ÚR ÚTHVERFI HVADA AUSTURRÍSKU BORGAR ER ARNOLD SCHWARZENEGGER, FYLKISSTJÓRI KALIFORNÍU?

a) Salzburg, b) Vín, c) Graz, d) Innsbruck.

Gussi: Salzburg

Kobbi: Graz



EIVÖR PÁLSDÓTTIR SÖDLAR UM.

FÆREYSKUR ÍSLENDINGUR Í DANMÖRKU

Hin geðþekka söngkona Eivör Pálsdóttir er nú flutt til Danmerkur þar sem hún mun dvelja næsta árið. Hún vinnur þar að tónlist sinni ásamt dönskum tónlistarmönnum. Slökkt er á síma hennar þokkafullu og þjóðlegu söngkonu en á heimili hennar hérlendis fengust þau svör að hún er í Kóngsins að freista gæfunnar. Íslendingar verða því að biða eilítið eftir að fá að hlýða á Eivöru í beinni.

SVÖR:

1. Sænskur 2. Alexander 3. Berlín 4. Felix 5. Barkakýli 6. Margrét Sigurðardóttir 7. Hrutur 8. Japan 9. Halldór Ásgrímsson 10. Graz



Það er Gussi sem fer hér með sigur af hólmi. Hann fékk 7 stig en Kobbi aftur 6. Gussi heldur því áfram í átt að titlinum Gáfaðasti dyravörður Íslands.

HEIMASÍÐA VIKUNNAR

PANDÓRUASKJAN VÍKKAR SJÓNDEILDARHRINGINN

Heimasíðan Pandora.com tengist kvikmyndinni Tomb Raider 2 ekki neitt þótt allir muni eftir því þegar Angelina Jolie skottaðist um í leit að Pandórúskjunninni í þeirri ágætu mynd. Þessi heimasíða er nefnilega hugsuð fyrir þá sem vilja uppgötva nýjar hljómsveitir sem falla að þeim tónlistarsmekk sem viðkomandi hefur. Á mannamáli: Ef þér finnst hljómsveitin Muse vera góð hljómsveit, þá skrifarðu nafn sveitarinnar í leitarstrenginn og Pandora finnur hljómsveitir sem spila svipaða tónlist og Muse. Þræsniðugt.



PANDÓRUASKJAN ER OPIN ÖLLUM Á NETINU.

SIRKUSTVÍFARAR




BJÖRN INGI HRAFNSSON 2003



BJÖRN INGI HRAFNSSON 2006


Tvífarar vikunnar koma mörgum eflaust spáskt fyrir sjónir. Það verður reyndar að viðurkennast að þetta eru frekar lélegir tvífarar þar sem þeir eru ekkert sérlega líkir. Það er þó einhver svipur með þeim ef vel er að gáð, þá aðallega augnsvipur. Björn Ingi Hrafnsson 2003 er eilítið búlduleitari en Björn Ingi Hrafnsson 2006. Fyrir þá sem ekki vita þá er þetta einn og sami maðurinn, fyrir og eftir Herbalife og spray tan.


Elvzia
Vatnsstig



rokk og rósi
Laugavegi

Spiritnik
Klapparstig



HEI!!!
UTSALAN
ER
HAFIN!!!

01@duhbanked.com

FLOTTTRÆFILL

SIRKUS RKV GEFUR NÚ LESENDUM INNSÝN Í LÍFSSTÍL



A

ALPARNIR

Á veturna skella allir alvöruflotttræflar sér í góða skíðaferð. Ekker minna en Alparnir duga.



Ó

LAXÁ Í AÐALDAL

Dagurinn kostar ekki nema 130 kall.



B

BANG OG OLUFSEN

Eru einu græjurnar fyrir flotttræfla. Ein fjarstýring fyrir allan pakkann á aðeins 50 kall.



E

EGGIÐ

Stóllinn eftir Arne Jakobsen sem kostar um hálfu kúlu.



E

ÉG ÞEKKI EIÐ SMÁRA

Allir þykjast þeir þekkja Eið.



F

FATAHREINSUN

Þeir mæta þangað daglega.



Í

ÍSAKSSKÓLI

Börn flotttræfla verða að sjálfsgöðu að fara í einkaskóla.



J

JÓN SÆMUNDUR

Þegar þú droppar jakkafötunum og vilt vera casual, þá detturðu að sjálfsgöðu í einn Dead-bol.



K

KÓKAÍN

Algjört möst ef þú ætlar að ná að komast yfir allt sem þú ætlar að gera.



O

OLIVER

Eftir gott rándýrt koniaksstaup á Rex er flott að skella sér á Oliver og tala við kollegana.



Ó

ÓTRÚLEGA

dýr designer -öt. Prada er í sérstöku uppáhaldi.



P

PABBAHELGI

Allir flotttræflar söðla um í kvennamálum. Stundum slæðist inn einn og einn krógi.



T

TÓNLEIKAR MEÐ SIGUR RÓS


Þangað mæta flotttræflarnir innan um treflana og segja þetta bestu tónleika sem þeir hafa upplifað..



U

ULLARTREFILL

Fer vel við kasmírjakkann.



Ú

ÚRIÐ

Helst að eiga þrjú til fjögur sem kosta í kringum kúlu, til að geta róterað.



Y

YNGRI KELLINGAR

Flotttræflarnir vilja hafa þær ferskar.



Ý

ÝMIS FARARTÆKI

Á að minnsta kosti tvö önnur fyrir utan bílinn. Mótorhjól, krossara og auðvitað vélsleða.



Þ

Þ

Þú ert það bíssí að þú hefur ekki tíma til að sofa.

FRÁAÖ

OG LIFNAÐARHÆTTI FLOTTÆFLA

ÞAÐ ER GÓÐÆRI Á ÍSLANDI. ÞAÐ FER EKKI FRAMHJÁ NEINUM. FORSTJÓRAR, FRAMKVÆMDASTJÓRAR OG YFIRMENN Í BÖNKUM ERU MEÐ OFURLAUN OG GETA LEYFT SÉR NÁNAST HVAÐ SEM ER. ÞEIR EIGA EKKERT SLANGUR YFIR MILLJÓN EN MILLJARÐ KALLA ÞEIR EINFALDEGA EINN YARD. GÓÐÆRIÐ SEM NÚ GENGUR YFIR HEFUR GETIÐ AF SÉR FJÖLMARGA NÝRÍKA EINSTAKLINGA SEM ER MIKIÐ Í MUN VIÐ AÐ LÁTA FÓLK VITA AF AUÐI SÍNUM. ÞETTA FÓLK HEFUR SÝNT OKKUR HVAÐ ER TÖFF OG MÓÐINS Í TÍSKU, BÍLUM, LÍKAMSREKT, NEYSLU, DRYKKJU OG HEGÐUN. EN SVO ERU ÞEIR SEM EIGA EKKI JAFN MIKINN PENING OG RÍKA FÓLKIÐ EN SKILJANLEGA LANGAR MIKIÐ TIL AÐ EIGNAST SÖMU HLUTINA. ORÐIÐ FLOTTÆFILL HEFUR OFT VERIÐ NOTAÐ YFIR SLÍKT. ORÐIÐ ER ÞVÍ MIÐUR NIÐR-ANDI EN ÞÓ AFSKAPLEGA GOTT TIL AÐ LÝSA ÞEIM SEM EIGA ALLT ÞAÐ FLOTTASTA OG BESTA. ÁN ÞESS ÞÓ AÐ HAFNA EFNI Á ÞVÍ.



COGNAC

Alvöruflottæflar dreypa reglulega á koniaki.



DONALD TRUMP

Átrúnaðargoð allra flottæfla og allir hafa þeir lesið bókina How to Get Rich.



GOLF

Eiga flottasta dressið, mæta þrisvar á sumri á völinn en geta ekkert.



HALLGRÍMUR HELGASON

Auðvitað fóru þeir á Turpentine um síðustu helgi og keyptu eitt eftir Griminn.



ILMVÖTN

Ekki þá bara eitthvert sprej. Eau de toilette er ekki málið heldur perfume.



LÚXUSBÍÓ

Til hvers að sitja með skítugum bolnum?



MOJO OG MONROE

Eina sem virkar, ok, kostar meira, en vel þess virði.



NEWYORK

Skellir þér stundum í nokkrar nætur og upplifir alvörudjamm á Manhattan.



QUALITY

„Ég veit þetta er aðeins dýrara, en maður er að borga meira fyrir Quality.“



RANGE ROVER

Allir millar eiga að minnsta kosti einn, flottæflarnir geta ekki verið minni menn.



SUSHI

Framandi matur og allir vita að það er töff að borða sushi.



VINDLAR

Við öll tækifæri takk fyrir.



WORLD CLASS

Þá er ekki verið að tala um eitthvert gyðingakort. Það eru Laugar Spa og ekkert minna.



X-D

Hvað annað? Ekki vilja flottæflarnir einhverjar ullarpeysur sem hafa ekkert vit á monní.



ÞINGHOLTIN

Besti staðurinn til að búa á.



ÆTTARNÖFN

Helst erlend eða rótgróin íslensk. Ef maður á ekki ættarnafn þá býr maður það bara til.



ÖRYGGI

Þú verður að vera með góðan búnað til vernda þínar rándýru eignir.

MEST SELDU LEIKIRNIR



WORLD OF WARCRAFT ER MEST SELDUR Á PC.

→ psp

1. GTA LIBERTY CITY STORIES
2. CRASH TAG TEAM RACING
3. SIMS 2
4. STAR WARS BATTLEFRONT 2
5. BURNOUT LEGENDS
6. FIFA 06
7. NAMCO MUSEUM BATTLE COLLCECTION
8. PURSUIT FORCE
9. WWE SMACKDOWN VS RAW 2006
10. SSX ON TOUR

→ pc

1. WORLD OF WARCRAFT
2. CALL OF DUTY 2
3. FOOTBALL MANAGER 2006
4. NEED FOR SPEED MOST WANTED
5. CIVILIZATION 4
6. SIMS 2 NIGHTLIFE
7. AGE OF EMPIRES 3
8. KING KONG
9. SIMS 2 CHRISTMAS PARTY PACK
10. BATTLEFIELD 2

→ playstation 2

1. NEED FOR SPEED MOST WANTED
2. BUZZ
3. SINGSTAR 80'S
4. JAMES BOND FROM RUSSIA WITH LO
5. FIFA 06
6. GTA SAN ANDREAS
7. TRUE CRIME NEW YORK CITY
8. ULTIMATE SPIDERMAN
9. RATCHET : GLADIATOR
10. BATTLEFIELD 2 MODERN COMBAT

→ x-box

1. KING KONG
2. BATTLEFIELD 2 MODERN COMBAT
3. FIFA 06
4. INCREDIBLES 2 RISE OF THE UNDE
5. NEED FOR SPEED MOST WANTED
6. PRO EVOLUTION SOCCER 5
7. GUN
8. TONY HAWK AMERIC
9. PRINCE OF PERSIA TWO THRONES
10. GTA SAN ANDREAS

18

TÖLVULEIKJADÓMUR



ANDY KANN EKKERT Á KELLINGARNAR.

FYNDNASTI HREINI SVEINN Í HEIMI

DVD-DÓMUR

Ég fór á myndina 40 Year Old Virgin í bió og fannst hún frábær. Ég vissi því nokkurn veginn að hverju ég gekk þegar ég setti þennan DVD-disk í tækið. Diskurinn er sautján mínútum lengri en upprunalega útgáfa myndarinnar og því mikils að vænta.

FERTUGUR HREINN SVEINN

Myndin The 40 Year Old Virgin fjallar um Andy Stitzer sem er eins og nafn myndarinnar gefur til kynna fertugur hreinn sveinn. Þeir sem eru að nálgast þrítugsaldurinn og hafa aldrei brynt jálknum eru pirraðir og örvæntingarfyllir. Þeir sem eru hinsvegar fertugir í sömu stöðu eru hættir að hugsa um kynlíf – búnir að gefast upp. Þannig er Andy, hann lifir ósköp fínu lífi og rúnkar sér ekki einu sinni. Það er svo þegar vinnufélagarnir komast að því að hann sé hreinn sveinn að hjólin fara að snúast. Upp frá því fer í gang skemmtileg atburðarás þar sem reynt er að losa Andy við sveindóminn.

SKÆRSTA GRINSTJARNAN

Steve Carrell fer með hlutverk Andy. Hann



THE 40 YEAR OLD VIRGIN

★★★★☆

hefur verið að gera það gifurlega gott vestanhafs. Hann sló í gegn í aukahlutverkum í myndunum Anchorman og Bruce Almighty þar sem hann lék fréttapúl í báðum myndum. Þá hefur hann einnig slegið í gegn í bandarískri útgáfu af The Office. Þar er hann í hlutverki Michaels Scott sem er bandarísk útgáfa hins breska Davids Brent. Hann sýnir það og sannar í þessari mynd að hann er einhver skærasta stjarna grínheimsins í Hollywood.

Menn eins og Ben Stiller og Will Ferrell mega fara að vara sig. Catherine Keener fer með hlutverk Trish sem er miðaldra kona sem heillar Andy. Hún er flott og á það í raun við um alla leikara myndarinnar. Þeir standa sig allir vel.

SKOTHELDUR GRÍNPAKKI

Myndin er skotheldur grínpakki sem enginn ætti að missa af. Aukaefni myndarinnar er einnig vel unnið. Þá sérstaklega í ljósi þess að það er allt textað. Til dæmis er eitt atriði sem eytt var úr myndinni sem er ótrúlega fyndið. Þar er eldgamli Indverjinn Mooj að leggja Andy línurnar um hvernig hann eigi að krækja sér í dómur. Þar fer hann langt yfir strikið á ógeðslega fyndinn máta. Atriði sem er í myndinni en bara í styttri útgáfu. Flest atriði sem klippt voru út úr myndinni áttu það hins vegar alveg skilið, til dæmis þegar Andy er tekinn af lögreglu og látinn ganga um eins og fifl til að kanna ölvunarstig hans. Það er ekki fyndið. Ekkert er fullkomið en mikið andskoti kemst þessi mynd nálægt fullkomnun.

Sólmundur Hölm Sólmundarson

KLASSA QUAKE-ARI

Eins og flestir leikjanörðar ættu að vera búnir að taka eftir kom nýjasti Quake-leikurinn út á síðasta ári, sá þriðji í seríunni. Þessi leikir hafa verið að fá misgóða dóma og persónulega var ég ekkert spenntur fyrir því að sjá þennan eftir að ég spilaði Quake 3 sem var mesta hörmung sem hefur komið á borðið hjá mér síðan HEXEN kom út.

Ég byrjaði að spila leikinn fullur af efasemdum um gæði hans og bjóst við að fá viðbjóðinn í andlitið þegar ég ræsti hann. Ótrúlegt en satt, mín fyrstu kynni af Quake 4 voru ljómandi þar sem ég sá strax að þeir ætluðu að gera eins og ég, gleyma þessum ógeðslega Quake 3. Sagan byrjar þar sem við hættum í Quake 2, Space Marines að berjast við STROGG, bara núna á heima plánetu þeirra Stroggos. Við tókum við stjórn landgönguliða að nafni Kane sem er staðráðinn í því að ganga frá þessum skepnum í eitt skipti fyrir öll. Það sem kom mér mjög á óvart og var í raun ótrúlega flott er það að gervigreindin er ótrúleg, ég stóð mig oft að því að biða eftir að skrímslið kæmi gangandi í gegnum hurðina en það gerðist bara ekki þar sem leikurinn biður eftir því að þú takir fyrsta skrefið. Þegar ég var búinn að spila í rétt rúman klukkutíma áttaði ég mig á því að skrímslin geta tekið við talsvert



QUAKE 4

★★★★☆

meiri skaða í þessum leik en öðrum fyrstu persónu skotleikjum og gerir það hann töluvert skemmtilegri en aðra leiki á þessum markaði. Hinsvegar er leikurinn rosalega „straight-forward“ og eiginlega of því að eftir um þriggja tíma spilun var þetta bara annar fyrstu persónu skotleikur með góðri tónlist, nýrri grafík og fullkominni gervigreind.

+ KOSTIR:

Leikurinn kom mér sífellt á óvart allan þann tíma sem ég spilaði hann, grafíkin, tónlistin, vopnin og karakterarnir í þessum leik voru ótrúlega vel unnir og sást að þessi átti ekki að fá falleinkunn líkt og sá sem á undan kom.

- GALLAR:

Alltof líkur öðrum skotleikjum á markaðnum, ég fékk fljótt leið á honum og hefði viljað hafa fleiri vopn á staðnum. Mér fannst alveg skelfilegt að það væru aðstoðarmenn nánast alls staðar sem gátu gert við brynjuna mína svo að þetta var orðið hálföruggt að ég dræpist ekki.

NIÐURSTAÐA:

Leikurinn er góð afþreying í stuttan tíma, reyndar virðist maður oft enda á því að spila hann á kvöldin þar sem að hann er svo helv... flottur. Ég verð að mæla með þessum leik fyrir alla þá sem hafa gaman af fyrstu persónu leikjum.

Vilhjálmur Árni Sveinsson

VIGNIR SNÆR HEFUR LÆRT
RÉTTU HANDTÖKIN HJÁ
ÞORVALDI BJARNA.



ÞUNGAROKKARAR OG POPPARAR SAMEINAST

TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA ER FEIKIVINSÆLL. ÞAR ER BODIÐ UPP Á TÓNLISTARNÁM
Á FLESTUM SVIÐUM LISTARINNAR OG VIRÐAST ALLIR GETA FUNDIÐ EITTHVAÐ VIÐ SITT HÆFI.

„Þetta nám gagnast öllum, alveg sama hvernig tónlist þú ert að spila,“ segir Vignir Snær Vigfússon, gítarleikari í Írafári. Það nám sem gítarleikarinn kná á þar við er tónvinnslunám í tónlistarskóla Þorvaldar Bjarna. Sjálfur lærði Vignir réttu handtökin hjá Þorvaldi og nú kennir hann við skólann. Bæði tónvinnslu og gítarleik.

AF KASSETTU Í ÚTVARPSSPILUN

„Við erum með þennan skóla saman og erum báðir viðriðnir tónvinnslunám-íð,“ segir Vignir. „Það er ekkert sambærilegt nám hér á landi og við vildum bjóða upp á þetta fyrir þá sem vilja.“ Það sem kennt er á námskeiðinu er hvernig á að fara með lag frá því að það er demó í kasettutæki yfir í að vera tilbúið til útvarpsspilunar. Námið kostar kringum þrjú hundruð þúsund en Vignir segir það ekki mikið ef litid er til þess sem nemandinn fær í staðinn. „Það sem felst í náminu er að þú semur lag og að námskeiðinu loknu ertu búinn að fullgera lagið. Þeir sem hafa verið að láta taka upp lög fyrir sig vita hvað það getur kostað,“ segir Vignir sem ætti að þekkja það af eigin raun.

FÓLK Á ÖLLUM ALDRI

Það er fólk á öllum aldri við nám í skólunum að sögn Vignis enda margar deildir innan hans. Utan við tónvinnslunámið er boðið upp á nám í hljóðfæraleik og söng



ÞORVALDUR BJARNI ÍBYGGINN Í HLIÓÐVERINU,
BIRGITTA HAUKDAL FYLGIST SPENNTU MEÐ.

og koma þungarokkarmenn í íslensku tónlistarlífi að því. Ber þar hæst að nefna Andreu Gylfadóttur, Selmu Björnsdóttur, Birgittu Haukdal, Jónsa og fleiri. „Í tónvinnslunni erum við með fólk frá átján ára upp í tæplega fimmtugt. Þannig að þetta er breiður aldurshópur,“ segir Vignir.

ÞUNGAROKKARAR OG POPPARAR

Það er ekki einungis fólk á öllum aldri

í skólanum heldur er einnig fólk hvaðanæva að hvað varðar tónlistarstefnur. „Það er allur gangur á því,“ segir Vignir. „Það var einn hérna sem er allur í Quentin Tarantino-kvikmyndatónlist, aðrir í argasta poppi og nú erum við með eitt þungarokkslag í vinnslu. Þannig að það virðist alveg sama hvernig tónlist fólk er fyrir hérna,“ segir Vignir.

-SHS

X- LISTINN TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1	Dr. Mister & Mr. Handsome	Kokaloca
2	Coldplay	Talk
3	Ampop	My Delusions
4	BC Camplight	Blood And Peanut ...
5	Avenged Sevenfold	Bat Country
6	Blink 182	Not Now
7	My Chemical Romance	The Ghost Of You
8	Bloc Party	Helicopter
9	Vax	Your Hair Is Stupid
10	System Of A Down	Hypnotize
11	Deftones	Please Please Please
12	Audioslave	Out Of Exile
13	Korn	Twisted Transistor
14	Singapore Sling	Saul
15	Hair Doctor	Major Label
16	Foo Fighters	Resolve
17	Weezer	Perfect Situation
18	Children Of Bodom	Oops, I Did It Again
19	Mew	Special
20	Dead Sea Apple	Bearer Of Bad News

DR. MISTER OG MISTER HANDSDOME TAKA
TOPPSÆTI X-LISTANS.



FM 957 ÍSLENSKI LISTINN TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1	James Blunt	Goodbye My Lover
2	Eminem	When I'm Gone
3	Fall Out Boy	Sugar, Were Going Down
4	Chris Brown	Run It
5	Darren Hayes	So Beautiful
6	White Stripes	My Doorbell
7	Beyonce Knowles	Check On it
8	Lifeshouse	Blind
9	Kelly Clarkson	Gone
10	Craig David	Don't Love you No More
11	Ryan Cabrera	Photo
12	Fort Minor	Believe Me
13	Jamie Fox Ft. Kayne W.	Extravaganza
14	Nickelback	Photograph
15	Sugababes	Ugly
16	David Gray	Hospital Food
17	Skítamóral	Heima
18	Daniel Powder	Free Loop
19	Rihanna	If It's Lovin That You...
20	Simon Webbe	No Worries

JAMES BLUNT TREÐUR SÉR Í TOPPSÆTIÐ.



BESTU HIPHOP-PLÖTUR ÁRSINS

Í SÍÐUSTU VIKU KYNNTUM VIÐ BESTU HIPHOP-LÖG ÁRSINS 2005 AÐ MATI ÚTVARPS-
ÞÁTTARINS BLAUTS MALBIKS Á X-INU 97,7. NÚ ERU ÞAÐ BESTU PLÖTURNAR.

1. THE DOCUMENTARY - THE GAME
2. BE - COMMON
3. LATE REGISTRATION - KANYE WEST
4. DANGER DOOM - THE MOUSE AND THE MASK
5. SEAN PRICE - MONKEYBARZ
6. FELT 2 (MURS & SLUG) - A TRIBUTE TO LISA BONET
7. LITTLE BROTHER - THE MINSTREL SHOW
8. EDAN - BEAUTY AND THE BEAT
9. DJ MUGGS & GZA - GRANDMASTERS
10. REEF THE LOST CAUZE - FEAST OR FAMINE

THE GAME ER MEÐ
BESTU HIPHOP-
PLÖTU ÁRSINS.



BLAUTT MALBIKAR
ÞÁTTUR MEÐ PEIM
DÓRA DNA OG
DANNA DELUXE.



19

NÝ ANDLIT Á SIRKUS 2006



ÁRIÐ 2006 BYRJAR AF KRAFTI Á SIRKUS. VIÐ KYNNUM 20 NÝJA ÞÆTTI, EN Á MEÐAL ÞEIRRA ERU VINSÆLUSTU ÞÆTTIR HEIMSINS Í DAG. INNLENDI DAGSKRÁRGERÐIN ER SVO Í HÖNDUM FERSKASTA HÆFILEIKAFÓLKSINS Á LANDINU.

FYLGSTU MEÐ!



SIRKUS



ALL SAINTS.



TOP SHOP PEYSA: 5.490 KR.



SPÚTNIK SVARTUR STUTTUR JAKKI: 3.700 KR.



TOP SHOP BLÁR BOLUR: 4.490 KR. SVARTUR BOLUR: 1.990 KR.



HITI Í ÞESSUM.

KARLATÍSKA VOR/SUMAR 2006

VOR OG HAUST HJÁ YVES SAINT-LAURENT

SAGÐUR EINN BESTI FATAHÖNNUÐUR IÐNAÐARINS. HANN HEFUR STARFAÐ MEÐ DIOR, BALENCIAGA, CHANEL OG SHIAPARELLI. YVES HENRI DONAT MATHIEU-SAINT-LAURENT ER FÆDDUR 1936 Í ALSÍR. ÞEGAR HANN VAR ÁTJÁN ÁRA BYRJAÐI YVES AÐ VINNA SEM AÐSTOÐARMAÐUR CHRISTIANS DIOR. FJÓRUM ÁRUM SEINNA, SEMSAGT 1957, FÓR DIOR Í FRÍ OG LÉT YVES ALFARIÐ SJÁ UM HERLEGHEITIN. EN DIOR FÉKK HJARTAÁFALL OG LÉST Í FRÍ- INU SVO AÐEINS TUTTUGU OG EINS ÁRS VARÐ YVES SAINT-LAURENT AÐALHÖNNUÐUR FYRIRTÆKISINS. FYRSTA LÍNAN HANS SLÓ Í GEGN OG JÓKST SALAN HJÁ DIOR UM ÞRJÁTÍU OG FIMM PRÓSENT. NOKKRUM ÁRUM SEINNA STOFNAÐI YVES ÁSAMT FÉLAGA SÍNUM PIERRE BERGE EIGIÐ MERKI, YVES SAINT-LAURENT. SÍÐAN HEFUR MIKIÐ VATN RUNNIÐ TIL SJÁVAR OG SÁ GAMLI MEÐAL ANNARS LENT Í EITURLYFJANEYSLU OG ÞURFT AÐ LEGGJAST INN Á GEDDEILD. HANN HÆTTI Í TÍSKUBRANSANUM ÁRIÐ 2002 EN MERKIÐ LIFIR OG SENDI FRÁ SÉR VOR- OG HAUSTLÍNU Á DÖGUNUM.

KULDABOLINN

ÞAÐ ER KALT Í VEÐRI ÞESSA DAGANA OG ÞVÍ NAUÐSYNLEGT AÐ VERA VEL KLÆDDUR. ÞÓ ER FARIÐ AÐ BERA Á VORLÍNUM Í NOKKRUM VERSLUNUM. SIRKUS TÓK STÖÐUNA Á ÞESSUM MÁLUM OG VALDI NOKKRAR GÓÐAR FLÍKUR SEM ERU GÓÐAR Í VETUR.



SPÚTNIK PELS: ÚTSÖLVERÐ 9.100 KR. HÚFA: ÚTSÖLVERÐ 900 KR.



ZARA KÁPA MEÐ HETTU: 10.995 KR.

STEFANO PILATI
ER EINN AF
HÖNNUÐUM
LÍNUNNAR.



HEIT ULL Í
ORDSINS
FYLSTU.



GLÆSILEIKI.



TILHUGALÍF Í RÆKTINNI

Í HINUM VESTRÆNA HEIMI ER LÍKAMSRÆKTARSALURINN EKKI EINGÖNGU TIL ÞESS AÐ SVITNA OG DJÖFLAST. Í NÝLEGRI KÖNNUN Í BANDARÍKJUNUM KOM Í LJÓS AÐ FÓLK LÍTUR EINNIG Á LÍKAMSRÆKTARSALINN TIL AÐ ÞREIFA FYRIR SÉR Í TILHUGALÍFINU. SIRKUS RVK. SKELLTI SÉR Í WORLD CLASS Í LAUGUM OG SPURÐI NOKKRA GESTI HVERS VEGNA ÞEIR VÆRU Í RÆKTINNI, HVORT ÞEIR SPÁI Í FATAVALI OG HVORT ÞEIR FARI Í „CLASSANN“ TIL AÐ PIKKA UPP GELLUR EÐA GÆJA.

Ég fer í ræktina af því að mér líður vel eftir að fara í ræktina. Ég er lærdur einkapjálfi og hef tileinkað mér heilbrigðan lífsstíl. Andleg vellíðan er ekki síðri en líkamleg eftir átök í salnum.

Já, ég spái í klæðnaðinum. Reyni að fara í eitthvað sem mér líður vel í og er þægilegt. Manni verður að líða vel hérna.

Ég hef aldrei velt fyrir mér hvort það sé einhver deitmenning hér í World Class. Allavega hef ég enga reynslu af því. Hér er bara mikið af fólki sem er farið að hugsa um heilsuna.

Ég verð að fara í ræktina. Ef maður vill ná árangri í einhverju verður maður að gera eitthvað aukalega. Það nægir ekki bara að æfa handboltann. Ég kem hingað fyrst og fremst til að lyfta og það er gott fyrir mann eða svo segja þeir sem hafa eitthvað vit á þessu. Ég hef fundið fyrir því sjálfur að lyftingar gera helling fyrir mann. Þegar ég fer að taka á því tek ég allan skrokinn. Auk þess tek ég nokkrar bjánaæfingar sem ég lærði frá Jóni Arnari (frjálsíþróttamanni).

Ég er giftur tveggja barna faðir þannig að hingað sæki ég ekki í einhverjum kvenna-hugleiðingum. Ég hef mikið annað og betra við tíma minn að gera. Og ég hef ekkert orðið var við það að fólk sé í þessum þælingum en líklega er það af því að ég spái ekkert í það.

Ég hef ekki kynnst því að þetta sé einhver deitstaður. En þetta er það örugglega. En ég er alltaf að æfa með vinum mínum þannig að kannski hafa þeir ekki kjarkinn til að gera eitthvað.

Ég hugsa fyrst og fremst um að klæða mig þægilega og þannig að mér verði ekki of heitt.

Ég fer í líkamsrækt til að halda mér í formi. Ég tók eitt sinn þátt í fitness og hef síðan reynt að halda mér í standi. Þessa dagana er ég frekar að reyna að þyngra mig. Og maður þyngrir sig í ræktinni með lyftingum en ekki með því að éta Snickers.

BRYNJA HJALTALÍN, 25 ÁRA EINKAPJÁLFI.

GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON, EINN BESTI HANDKNATTLEIKSMAÐUR HEIMS OG LEIKMAÐUR VFL GUMMERSBACH Í ÞÝSKU ÚRVALSDEILDinni.

RÓSA BJÖRK ÁRNADÓTTIR, 22 ÁRA FYRRVERANDI KEPPANDI Í FITNESS.

Ég er sjálfur harðgiftur og myndi heldur aldrei fara í ræktina í einhverjum hössstílgangi. En maður sér alltaf einn og einn vera að skoða það kjöt sem er á markaðnum.

Ég viðurkenni það allveg að ég hugsa vel um mataræðið. Ég leyfi mér að taka einn nammidag í viku eða það er að segja fá mér eina óholla máltíð. Ég reyndar slakaði á í mataræðinu um jólin.

Ég er með tvö lyftingaprógrömm í gangi ásamt vini mínum. Við skiptum um prógramm reglulega og róterum.

Ég spái ekkert út í klæðnað þegar ég fer í ræktina. Eins og væntanlega sést á myndinni.

Ég reyni að klæða mig mest í fót sem eru ekki of þröng og ekki of áberandi.

Ég fer í ræktina til að líta vel út í útskriftarferð með Versló næsta sumar og það er eins gott að líta almennilega út. Svo líka upp á andlega þáttinn. Komast úr stressinu og fá útrás líkamlega. Reyndar er orðið aðeins of mikið af fólki.

„Ég fer í ræktina af því að ég er neyddur til þess. Ég myndi held ég aldrei fara af sjálfdáðum. Eða jú líklega. Markmiðið með því að fara í ræktina er fyrst og fremst að bæta á sig vöðvamassa.“

Ég fer í ræktina til að mér líði vel og haldi mér í formi. Vellíðan sem fylgir því að vera nýbúin að sprikla er rosaleg. Stór partur af því að fara í ræktina er að líta sem best út. Ég er ekkert að reyna að verða að einhverjum tannstöngli. Ég er að reyna að bæta á mig massa ef eitthvað er. Ég er í minni þyngd eins og staðan er í dag.

Það kemur fyrir að gaurar séu að reyna við mann í ræktinni. Ég fíla það ekki að það sé verið eitthvað að hössla. Strákarnir nota misjafna takta við að reyna við stelpur í ræktinni. Sumir nota klassískar pikköpplínur en aðrir vita ekkert hvernig þeir eiga að vera. Það er endalaust af strákum sem koma hérna bara til að sýna sig og vöðvana. En það er miklu meira af venjulegu fólki og hér er best að æfa.

Ég hef aldrei reynt við stelpur hér. Enda á ég kærustu. En maður sér þó allveg einhverja gæja sem eru að reyna við stelur á gólfinu. Það er bara mjög hallærislegt.

Ég spái ekkert út í tisku. Ég fer bara í það sem er þægilegt. Mér er „shit“-sama hvort eitthvað passar eða ekki.

BJÖRGVIN VILHJÁLMSÓN, HÁSKÓLANEMI OG LEIKMAÐUR VÍKINGS Í LANDSBANKAÐEILD KARLA.

LILJA HLÍN INGIBJARGARÐÓTTIR, 19 ÁRA NEMI.

DAVÍÐ STEFÁNSSON, TÝFUGUR ÚTSKRIFTARNEMI.

ÚTVARPIÐ ÞITT
ÞOLIR EKKI
EINTÓMAN
VIÐBJÓÐ

X
97.7





BROSMILDUR!
BJARKI ER ALLTAF LÉTTUR Á ÞVÍ.

Á LAUSU PUNKTUR IS

HINN 23 ÁRA GAMLI BJARKI BIRGISSON ER ENGUM LÍKUR. HANN HEFUR NÚ GENGIÐ HRINGINN Í KRINGUM LANDIÐ OG ÆTLAR AÐ GERA ÞAÐ SAMA NÆSTA SUMAR NEMA NÚ ÆTLAR HANN AÐ HJÓLA. DÖMURNAR Hafa MIKINN ÁHUGA Á KAPPANUM EN ÞEIM BRÁ Í BRÚN ÞEGAR FRAM KOM UM DAGINN AÐ HANN VÆRI Á FÖSTU. SIRKUS LEIK FORVITNI Á AÐ VITA HVORT SVO VÆRI.

„Já, ég er á lausu,“ segir Bjarki Birgisson göngugarpur og nú hjólreiðagarpur. Hann ákvað í síðustu viku að hjóla um landið ásamt Gyðu Rós Bragadóttur vinkonu sinni. Fréttablaðið misskildi hins vegar eitthvað samband Bjarka og Gyðu Rósar og taldi þau kærustupar.

„Ég lenti í því sem ég kalla lélegri blaðamennsku. Þessi forsíðufrétt og fullyrðing um að við værum kærustupar olli því að það duttu inn nokkur óþægileg SMS frá stelpum. En sannleikurinn er hins vegar sá að þessi stelpa er með vini mínum og hún hefur verið það síðustu fimm ár.“

Bjarki sem gekk hringinn síðastliðið sumar til styrktar langveikum börnum ætlar að hjóla í kringum landið næsta sumar eins og áður stendur. Hann verður því fyrsti maðurinn til að ganga og hjóla hringinn. „Það verður tekið allt landið eins og það leggur sig.“



EKKI Á FÖSTU!
BJARKI ÁSAMT VINKONU SINNI GYÐU RÓS.

Á LEIÐ TIL ARGENTÍNU

Bjarki heldur eftir helgina til Argentínu þar sem hann ætlar að koma færandi með hjólastóla handa börnum. „Hjólastólarnir eru þegar farnir til Argentínu og ég hlakka mikið til að gefa krökkunum stólana.

Þetta eru börn sem þurfa á hjólastólum að halda en sökum fátæktar hafa aldrei fengið,“ segir Bjarki sem er hreyfihamaður á fæti eins og hann segir sjálfur á net-síðu sinni bjarki.is.

NÓG AÐ GERA

Það er óhætt að segja að það sé nóg að gera hjá Bjarka. Hann er að vinna hjá Margt smátt, auk þess sem hann er með einkakennslu í sundi. „Ég verð líklega að fara að hætta með þessa einkakennslu. Það eru langir biðlistar og því miður hef ég ekki tíma fyrir allt þetta fólk.“

Bjarki gerði nýlega samning við menntamálaráðuneytið að hann myndi vera með fræðslu fyrir börn í grunnskólum um fötlun. „Þetta er svo nýkomið upp að ég get ekki mikið talað um þetta. En ég vona að ég hefji fræðsluna í haust,“ segir Bjarki sem er að skrifa barnabók þessa dagana og vonast til að koma henni út um jólin. -HH



GRÉTAR MAR



GRÉTA MAR

MUNAR BARA EINUM STAF

Gréta Mar Guðbrandsdóttir var kosin kynþokkafyllsta kona landsins undir þritugu í kosingu sem Sirkus RVK og Visir.is stóðu fyrir. Það sem færri velta fyrir sér er sú staðreynd að hún á sér næstum alnafna af gagnstæðu kyni. Það er enginn annar en sjómaðurinn og varaþingmaðurinn Grétar Mar Jónsson. Það verður nú seint sagt að þau séu lík í útliti en þó eiga þau ýmislegt sameiginlegt utan við nafnið. Bæði koma þau af Suðurnesjunum; Grétar Mar frá Sandgerði og Gréta Mar frá Keflavík. -SHS



BANDARÍSKU KALLARNIR! SKOTHELT LÚKK OG FLOTTIR KROPPAR.

BANDARÍSK ÚTGÁFA AF KÖLLUNUM

„Þeir leggja sig allavegana fram,“ segir Kristján Óli Sigurðsson, einn aðalkallinn á köllunum.is en nýlega var opnaður bandarískur vinavefur þeirra sem ber nafnið www.leehotti.com. „Það er gaman að sjá að hnakkavæðingin sé farin að teygja sig í vesturátt. Þeir eru helmassaðir og þá leist mér andskoti vel á dómurnar sem voru í slagtoppi með þeim,“ segir Kristján Óli en hugmynd er uppi um að þeir kallar skelli sér til Bandaríkjanna og heimsæki félaga sína í landi tækifæranna. Uppi hafa verið sögusagnir um að félagarnir í köllunum.is ætli sér að leggja upp laupana. En Kristján Óli vill ekki staðfesta þann orðróm en hefur sjálfur hugsað sér til hreyfings. „Ég held að mínum tíma á köllunum.is sé lokið. Ég verð næstum fertugur á þessu ári og kannski er kominn tími til að þroskast,“ segir Kristján Óli en lögræðinám í HR á nú hug hans allan.



KRISTJÁN ÓLI SÁTTUR VIÐ BANDARÍSKU ÚTGÁFUNA!

COME TO ICELAND, EVERYONE GETS LAID!

Ég skrápp til London um daginn og rak þar augun í ferðamannabækling um Ísland. Vanalega nenni ég ekki að fletta í gegnum þessa bæklinga en ég ákvað að renna í gegnum þetta og tékka hvað væri svona gaman við að koma til Íslands. Það er nefnilega alveg helvíti mikið af útlendingum alltaf hérna og ég hef oft verið að spá í því hvern djöfulinn þetta fólk nenni að koma til Íslands. Af hverju fer það ekki til Miami, Hawaii eða Brasilíu? Ekki er það að koma hérna út af ódyra björnum.

En eftir að hafa lesið þennan bækling veit ég nákvæmlega af hverju þetta fólk kemur hingað. Það er verið að ljúga upp í opið geðið á þeim. Allt sem ég las í þessum bæklingi var lygi. Fyrsta sem ég sá var mynd af einhverjum offitusjúklingi haldandi á golfkylfu og undir henni stóð: „Do you want to do a golf trip to Iceland and play golf in the midnight sun?“ Hvaða hálfviti fer í golfferð til Íslands! Það er hægt að spila golf hérna tvo mánuði á ári og þegar það er hægt er 90% líkur á því að það sé rigning eða einhver viðbjóður. Og in the midnight sun! Ég hef búið á þessum klaka hérna í einhver 40 ár og hef séð sólinu einu sinni eða tvisvar í mesta lagi. Og hún er vöðalega lítið á kæjanum á miðnætti.

Í þessum bæklingi sem var allur einn saur var verið að ræða allt það sniðuga sem hægt er að gera á Íslandi. Þessu var ráðað í topp 8 lista og það var athyglisverð uppröðunin á þessu.

Númer 1: Nature Observation Komid til Íslands og standið úti í skítakulda og skoðið steina. Gætuð kannski mögulega rekist á einn foss ef þið eruð heppin. YESS!

Númer 2: Swimming Erud þið að reyna að segja mér að það kemur eitthvert pakk til Íslands til að synda? Erud menn þroskaheftir!

Númer 3: Shopping Já, helvíti fint að koma til Ísland og fá dýrindis Diesel-buxur á 28.000 kall sem þú getur fengið á 7.000 kall annars staðar.

Númer 4: Museums, art galleries Það er ekki mörg söfn á Íslandi en þau sem eru hérna TOTTA. Okey, ég hef aldrei komið á Árbæjarsafnið en ég get ekki ímyndað mér að það sé the




bomb! Eina safnið sem ég hef farið á er Reður & pungasafnið á Húsavík.

Númer 5: Horse riding Já, fljúgið 6000 mílur og komið til Íslands til þess að setjast ofan á hest og mögulega bakbrjóta ykkur. Við erum líka eina landið sem er með hesta. Dickhead!

Númer 6: Whale watching Núna hef ég átt heima hérna í einhver 50 ár og ég hef ekki séð einn einasta hval. Nema af og til í dettur inn einn og einn hvalur í laugarnar hérna á höfuðborgarsvæðinu, en það er það eina.

Númer 7: Boat trip, pleasure cruise Hvar getur maður farið í boat trip? Ég hef farið í einn bát og það er Gubbólfur. Ég fer varlega í að segja að það sé a pleasure cruise.

Númer 8: Nightlife Af hverju í analinum var nightlife ekki númer eitt? Það er það eina sem Ísland er þekkt fyrir. Þegar celebin detta inn á klakann tala þau vöðalega lítið um Árbæjarsafnið og hestana. Ég horfði á Quentin Tarantino hjá Conan og hann minnst ekki einu orði á hvali eða náttúruna. Hann talaði um kellingar, súpermódel og partí. Quentin var líka í fullri vinnu við að tappa af þegar hann var hérna.



Kiefer Sutherland fór til Davids Letterman og hvað talaði hann um þar? Hann talaði ekki um það hversu geðveikt það væri að synda á Íslandi. Hann sagði að það væri tilvalið að koma til Íslands, skíta á sig, finna súpermódel og stunda kynferðismök.

En núna voru ekki allir sammála um það að þetta hafi verið góð landkynning það sem Quentin sagði í þættinum hans Conans O'Brien. Er fólk þroskaheft? Þetta ásamt Eiði Smára er besta landkynning sem þessi klaki hefur fengið. Það er ekki eins og að Quentin hafi verið að ljúga neinu. Hann lýsti þessu bara nákvæmlega eins og þetta er hérna. Svanhildur Hólm má eiga það að hún fór til Opruh og víðurkenndi það að íslenskt kvenfólk væri lausgyrt.

Félagi minn Rob Schneider er ágætis dæmi um þetta. Hann er 153 sentimetrar á hæð, sköllóttur með krullur og ekkert sérstaklega aðlaðandi. Það tók því ekki fyrir hann að gyrða upp um sig buxurnar, hann var losandi allan sólarhringinn. Hvað haldið þið síðan að huggulegur strákur eins og Ryan Philippe hafi verið að gera hérna... hummmmm.

Ég vil að ferðaskrifstofur og flugfélög endurskoði þessa bæklinga sína. Ég skal lána ykkur eina skothelda setningu.

Come to Iceland, everyone gets laid!

Sææææææææææ!
Kv, Gillz

★ NIÐURSTÖÐURNAR ÚR FJÖLMÍÐLAKÖNNUN GALLUP LIGGJA FYRIR: ★

FRÁBÆR ÁRANGUR!

ÍSLENDINGAR HAFA TEKIÐ
OKKUR OPNUM ÖRMUM

3 blöð
í einu

hér&nú

Á LEIÐINNI FRAM ÚR

SÉÐ OG HEYRT



Á ótrúlega stuttum tíma hefur Hér&Nú náð svipaðri útbreiðslu og Séð og heyrt*
Þetta er einfaldlega frábær árangur og sýnir að viðtökur íslensku þjóðarinnar
hafa verið framar björtustu vonum. Nú þarf enginn að efast um að auglýsing í
Hér&Nú er markviss og góð fjárfesting. Við þökkum frábærar móttökur!

hér&nú

SÍMI 550 5833

Sádóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁDNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

FORVARNAROKK Á NASA

JAKOBÍNARÍNA HEFUR VIT Á AÐ HÆTTA ÁÐUR EN HÚN BYRJAR.

STÓRSTJARNAN SEM ÞEKKIR RUGLIÐ.

Það verður nóg um að vera á NASA þessa helgina. Bæði verða Breakbeat.is og Partyzone með árlistakvöld sín en milli þessara taktföstu kvölda lauma forvarnatónleikar sér að. Það eru tónleikar sem haldnir eru til styrktar Maritafræðslunni sem hefur ferðast víða um land og biður fólk um að „hætta áður en það byrjar“.

BUBBI MÆTIR

Bubbi Morthens hefur margoft talað opinskátt um neysluna sem hefur tekið sinn toll í hans lífi. Hann hefur sokkið djúpt um ævina en fyrir um átta árum reis hann upp og snéri við blaðinu. Það er því ekki úr vegi að kappinn mæti ásamt hljómsveitinni Egó og taki nokkur lög á tónleikumum. Þess má geta að Bubbi var í harðri neyslu þegar

Egó steig fyrst fram á sjónarsviðið. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og menn látið þurrka sig og horfa ferskir fram á veg og láta ekki sitt eftir liggja á tónleikum til styrktar Maritafræðslunni.

UNGLIÐARNIR DINGLA MEÐ

Strákarnir í Jakobínurínu leggja lóð sín á vogarskálarnar þegar kemur að þessum tónleikum en enginn þeirra er með aldur til þess að neyta áfengis. Þeir hafa því tækifæri til þess að hætta áður en þeir byrja. Silvía Nótt kemur og lætur í sér heyra enda hefur hún sjálf fengið sinn skammt af hinum harða heimi stórstjörnunna. Þá mun Jón Gnarr vera kynnr kvöldsins og halda utan um þessa göfugu samkomu. Miðaverð á tónleikana er aðeins 2.000 krónur.

BUBBI VEIT HVERS VIRÐI ÞAÐ ER AÐ HÆTTA ÁÐUR EN MAÐUR BYRJAR.

HVAÐ ATLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

KINGS OF HELL OG BREAKBEAT.IS

„Ég mæli eindregið með árlistakvöldi breakbeat.is,“ segir Frosti Logason, útvarpsstjóri á X-inu og gítarleikari í Mínus. „Það verður haldið á Nasa á föstudagskvöldinu og mun eflaust verða hörkustuð þar á bæ. Á laugardagskvöldinu mun ég fara á þrusutónleika með Kings of Hell sem verða haldnir á Gauki á Stöng. Þar munu Jan Mayen, Hairdoktor, Úlpa og Krummi einnig spila. Svo á sunnudagskvöldinu munu einmitt Kings of Hell spila á Bar ellefu ásamt hljómsveitinni Langa Sela og Skuggunum. En þeir félagar hafa einmitt ekki verið starfandi í langan tíma.“

Frosti Logason, tónlistar- og útvarpsmaður.

AUSTUR-INDÍÁ- FÉLAGIÐ OG KAFFIBARINN

„Föstudagurinn fer sennilega í að hafa það kósi heima,“ segir Lena Viderö skarthönnuður. „Þar mun ég elda mér góðan mat og slaka á.“

Á laugardagskvöldinu fer ég á Austur-Indíafélagið sem er einn af uppáhaldsveitingastöðum mínum. Eftir matinn förum við mjög sennilega að dansa. Þá verður kannski Kaffibarinn fyrir valinu í þetta skipti, en annars er ég von að fara á Sirkus. Ég hlakka mikið til að sjá myndina Memoirs of a Geisha sem verður sýnd á næstunni. Svo langar mig líka til að sjá Brokeback Mountain sem hefur fengið lof víðs vegar um heim.“

Lena Viderö skarthönnuður.

PRAVDA, HVERFIS- BARINN OG DOMINO

„Á föstudagskvöldinu myndi ég líklega kíkja á Pravda,“ segir Elísabet Thorlacius fyrirsæta. „Það er einmitt staðurinn minn í dag. Annars er ég að vinna alla helgina svo að það verður bara létt djamm. Hverfisbarinn gæti líka orðið fyrir valinu, það er líka fínn staður. Annars mæli ég með bíómyndinni Domino sem ég fór á í gær, þar leika einmitt Keira Knightley, Mickey Rourke og fleiri aðalhlutverkin. Það kom mér á óvart hvað hún var spennandi og hvað myndin hélt athygli manns allan tímann. Svo langar mig í Bláfjöll á skíði, kannski ég geri það bara ef maður kemst.“

Elísabet Thorlacius fyrirsæta.

ELLEFAN Á UPPLIÐ

Bar vikunnar að þessu sinni er Bar 11. Þessi staður er ekki áberandi þar sem hann stendur í brekkunni á horni Bergsstaðastrætis og Laugavegs. Engu að síður er alltaf röð fyrir utan hann og hver rokkarinn á fætur öðrum ólmur í að komast inn fyrir. Mausarinn Palli og Mínusmaðurinn Krummi sjá stundum um tónlist staðarins með því að þeyta skífum. Einnig eru fleiri hæfileikaríkir plötusnúðar sem láta til sín taka ef ekki eru einhverjir rokk-tónleikar í gangi. Eins og þessa helgi mun rokka-bíllí-hljómsveitin Kings of Hell koma til landsins í boði barsins. Heyrst hefur að Ellefan muni líklega taka við því tónleikahaldi sem Grand Rokk hefur haldið uppi undanfarin ár, en eins og margir vita á að rífa Grand Rokk. Staðinn sækja ekki einungis rokkarar heldur slæðast þangað inn hnakkar sem vilja víkka sjóndeildarhringinn og hlusta á rokk sem þeir hafa heyrt að sé töff.

BAR VIKUNNAR




SKEMMTIÐ

FÖSTUDAGUR 20. JANÚAR



GAUKURINN

Þetta verður heldur betur viðburðaríkur föstudagur á Gauknum. Á neðri hæðinni verða hljómsveitirnar Dikta, Jeff Who? og Mammút með heljarinnar tónleika sem ekki nokkur maður ætti að missa af. Á efri hæðinni mun svo Buddy Love sjá um að hrista rassana.



NASA

Breakbeat-pjakkarnir verða með almennilegt stöf í gangi á NASA í kvöld þegar þeir kynna árslista sinn í samstarfi við X-ið 97,7. Pendulum ættu allir að þekkja og enginn að láta framhjá sér fara. Svo verða Kalli Elli og Ewok með sitt á hreinu á svæðinu. Þetta verður að sjálfsögðu sent beint út á X-inu 97,7.

OLIVER

Þúrnar á Oliver eru alltaf sjóðheitar. Hvernig haldið þið þá að ástandið verði þegar sjálfur DJ-Bling mætir á svæðð og lætur skífudraslið sitt kenna á því? Það verður auðvitað allt vitlaust og stuðið í hámarki. Föstudagur: Dj Bling verður með gel og allt klárt.



BAR 11

Bar vikunnar gefur ekkert eftir um helgina. Það verður rokkað almennilega í kvöld sem önnur kvöld. Það eru Hjaltalín, Full Spull Power-Party og Pan sem sjá um rokkið þetta kvöldið. Tónleikarnir eru frá 22-24 en þá tekur DJ Gulli í Ósóma við kyndlinum og heldur uppi fjörinu fram undir morgun.

VICTOR

Það er dúndur Idol-partí í gangi á Victor um helgina. Það ætti enginn að láta samantektina úr fyrri þáttum framhjá sér fara. Ekki er verra að skola niður einum köldum á Toranum yfir Idolinu. DJ Jón Gestur kemur svo til með að hrista gólfjalir Victors og alla gesti staðarins með.

SÓLON

Brynjar Már hefur hertekið Sólon og flykkist fólk á staðinn til að hlusta á tóna hans. Þar er hægt að dansa fram á rauðanótt, þar til nóttin verður jafn rauð og jakkinn hans Binna.

PRIKIÐ

Það er jú bóndadagur í dag og allir bændur ættu því að skella sér út á lífið. Prikíð heldur bóndadaginn heilagan og er það enginn annar en karlreman Gísli Galdur sem mun kveikja í skífunum. Bændur munu berjast...

HVERFISBARINN

Hverfisbarinn hefur aldrei verið heitari. Það verður líka ekkert lát á hita staðarins um helgina þegar DJ Stef stingur græjunum í samband og sýnir fólki hvernig á að halda partíinu gangandi. Hver veit nema Brynja Björk mæti á svæðið með myndatökumann og kórónu.

LAUGARDAGUR 21. JANÚAR



NASA

Það verður heldur betur nóg um að vera á NASA þetta laugardagskvöldið. Það eru risatónleikar í gangi seinnipart dagsins. Fram koma Egó, Jakóbínarína, Dóri, Silvía Nótt og kynnir er hinn eini sanni Jón Gnarr. Tónleikarnir eru til styrktar Marita-fræðslunni og hefjast þeir klukkan 19. Um kvöldið er það svo árslistakvöld Partyzone sem fer í gang. Margt er um fína drætti þann daginn, oseisei. Gus Gus spilar, Árni E og Margeir + Blake. Húsið opnar klukkan ellefu.

OLIVER

Það er enginn annar en DJ J.B.K. sem verður mættur á Oliver í kvöld með drottningu í búrinu hjá sér. J.B.K má ekkert aumt sjá og heldur uppi almennilegu stuði fyrir þig og engan annan, eða jú reyndar alla sem mæta og djamma almennilega.



KLÚBBURINN VIÐ GULLINBRÚ

Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar er komin á malbikið og mun tæta allt og trylla í Klúbbnum við Gullinbrú í kvöld. Geirmundur verður léttur og lætur sönginn hljóma hátt. Því öll vitum við að tónlistin er mál sem tengir þjóð við þjóð. Það veit Geirmundur manna best og heldur uppi fjörinu af stökustu snilli í kvöld.

VICTOR

Gesturinn Jón verður tussusprækur á græjunum í kvöld. Eftir góða upphitun á föstudeginum er hann með puttann á púlsinum og lætur hjartað slá í takt við tónlistina. Vá, það verður einhver að stoppa þennan mann því hann er með of öran hjartslátt... tempóóó.

SÓLON

Brynjar Már verður vitaskuld mættur aftur á Sólon. Þetta er einhver heitasti partíplötusnúður landsins og ætti því enginn að vera svo vondur við sjálfan sig að taka beygjuna frá Sólon á laugardagskvöldið.



GAUKURINN

Helvítis kóngarnir í Kings of Hell verða á neðri hæð Gauksins á laugardag. Þeir verða ekki einir því fleiri rokkrassgöt munu láta slatta að sér kveða á þessum tónleikum. Það eru rokkarar á borð við Hairdoctor, Úlpu, Jan Mayen og Krumma í Mínus. Á efri hæðinni verður Buddy Love mættur á ný með sjóðheit-an danspakka sem enginn verður svikinn af.



BAR 11

Það er enginn annar en Mausarinn sjálfur, Palli, sem verður með stuðið á stultum á laugardagskvöldið. Hann mun spila réttu tónana fram undir morgun sunnudags þar til allir hafa fengið sinn skammt í bili.



PRIKIÐ

Lífið snúist um að vera harður, það er DJ B-Ruff sem ætlar að sjá gestum Prikisins fyrir almennilegu fjöri í kvöld. Hann verður sjóðheitur bakvið spilarann með bros á vör og húfu á haus.

HVERFISBARINN

DJ Stef lætur sig ekkert muna um að spila tvo daga í röð enda engin kveif og aumingi. Ef að fólkið vantar danstónlist, þá reddar Stef almennilegri tónlist og segir fólki að hætta að væla og gleyma sér í sporinu.

VIKAN

OLIVER

The Jazzy Havanas halda uppi magnaðri stemningu á Oliver á sunnudagskvöldið, enda ekki von á öðru þegar þessir snillingar eiga að kokka eitthvað upp.

PRIKIÐ

Dj Kári mun tækla þriðjudaginn léttilega, jafnvel með annarri. Maggi í Úlpu mun svo sjá um gesti staðarins á miðvikudaginn og ætti enginn að vera svikinn af hans tónum og svo mætir B-Ruff aftur á fimmtudaginn. Ekki biðja um meira.

BAR 11

Rokkið verður ekki órafjarri á Ellefunni um helgina. Það eru rokkabíllhundarnir í Kings of Hell sem mæta á Ellefuna til þess að sýna Íslendingum almennilegt rokkabíll. Eftir sveitt kvöld á Gauknum munu þeir færa sig yfir á númer ellefu. Það munu allir rokkarar landsins verða mættir þangað enda er upphitunarhljómsveitin ekki af verri endanum. Það er sjálfur Langi Seli og Skuggarnir. Hver biður um meira?

Sádóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

LISTASÝNINGAR



101 GALLERY


Hinn laufleíti Ásmundur Ásmundsson verður með sýningu sína til 25. febrúar. Nægur tími til að kíkja á þennan mikla snilling.

ARTÓTEK GRÓFARHÚSI

Sýning á verkum Valgerðar Hauksdóttur myndlistarmanns hefur verið opnuð á 1. hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15. Sýningin er sjöunda í röð sýninga á verkum listamanna sem eiga listaverk í Artóteki – listhlöðu í Borgarbókasafni.

CAFÉ KARÓLÍNA

Aðalsteinn Svanur Pétursson sýnir bleksprautuprentanir sem margir vildu geta státað sig af.



GALLERÍ 18

Ólafur Gíslason opnaði sýningu í 18 á fimmtudaginn sl. sem mun nú standa yfir í nokkrar vikur. Áhugaverð sýning hjá Ólafi sem vert er að skoða.



GALLERÍ + AKUREYRI

Það eru þær Ingileif og Áslaug Thorlacius sem sýna verk sín til 22. janúar.

GALLERÍ SÆVARIS KARLS

Það er Helgi Már Kristinsson sem leyfir gestum og gangandi að skoða verk sín í Gallerí Sævars Karls í Bankastræti. Sýningin ber heitið „Byggir brú milli náttúru og borgar“.

HAFNARBORG

Færeyingurinn Kári Sveinsson og Pétur Bjarnasson myndhöggvari munu sýna verk sín til 30. janúar.



HALLGRÍMSKIRKJA

Þær Kristín Gunnlaugsdóttir og Margrét Jónsdóttir verða með sýningu í kirkjunni háu til loka febrúar.

HRAFNI STA HAFNARFIRÐI

Sýning í Menningarsalnum á verkum Ellenar Bjarnadóttur. Sýningin stendur til 7. febrúar.

IDA

Nú stendur yfir sölusýning á verkum Þóru Guðrúnar Benediktsdóttur. Sýningin stendur yfir til loka þessa mánaðar. Hver að verða síðastur.

KARÓLÍNA RESTURANT

Enginn annar en Óli G. verður með sýningu til loka aprílmánaðar.

LISTASAFN ÍSLANDS

Myndlist II. – Um rými og frásögn. Þrettán íslenskir samtímalistamenn sýna list sína. Sýningin stendur til 12. febrúar.

LISTASAFN KÓPAVOGS

Á efri hæðinni er það Kristín Þorkelsdóttir sem fer af stað með sýningu sem hún nefnir Tvo heima. Sýnishorn af grafískri hönnun Kristínar, allt frá upphafi ferils hennar á síðari hluta sjötta áratugsins, verða í vestursal safnsins. Á neðri hæð safnsins er sýning sem ber heitið Þræðir. Á henni eru um 20 kjólar og yfirhafnir sem Guðrún Vigfúsdóttir hannaði og óf á meðan hún rak vefstofu á Ísafirði. Vefstofuna stofnaði Guðrún árið 1965 og rak í 20 ár.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Myndheimur Jónu Þorvaldsdóttur af draumkenndum blæ, sveipaður dulúð og múkt sem hefur seiðandi áhrif á áhorfandann er til sýnis í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Jóna hefur farið víða um heiminn og tekið myndir á hinum ýmsu stöðum. Flott sýning sem enginn ætti að láta framhjá sér fara.

NÝLISTASAFNIÐ

Þremmingarnir Kees Visser, Þór Vigfússon og Ívar Valgarðsson leiða saman hesta sína til 28. janúar.

SALTFISKASETUR

Í Listsýningarsal verður málverkadrottningin Margrét Bára með sýningu til 27. janúar. Opið er 11-18 alla daga.



YGGDRASILL

Tolli Morthens mun sýna verk sín til miðvikudags. Síðustu forvöð!

LEIKHÚS

FÖSTUDAGUR 20. JANÚAR

CARMEN

Söngleikurinn Carmen verður forsýndur í kvöld. Carmen er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins, þar sem óperunni eftir Bizet er snúið í söngleik um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög, sem ekki verða umflúin. Ásgerður Júníusdóttir leikur Carmen, Sveinn Geirsson leikur Don José og Erlendur Eiríksson Escamillo.

BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún er ekki búin að tala við í sjö ár. Leikritið er sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.



FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Hið geysivinsæla grínleikrit Fullkomið brúðkaup er í Leikfélagi Akureyrar og er að gera allt bandbrjálað þar á bæ. Sýningin hefst klukkan átta og voru örfá sæti laus síðast þegar Sirkus tækkaði á því. Nú fer hver að verða síðastur. Tryggðu þér miða.

HIMNARÍKI

Himnaríki var sýnt 1995-1996 og var sýningum hætt fyrir fullu húsi. Himnaríki hefur verið þýtt á fjölmörg tungumál og verið sýnt víða um heim. Guðlaug Elísabet, Jóhann G, Elma Lísa og Friðrik Friðriksson fara meðal annars með hlutverk ásamt fleiri góðkunnnum leikurum. Sýningin hefst klukkan átta.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Barnaleikrit sem hentar öllum aldri. Farið er í ævintýraheim H.C.Andersen. Handritið er byggt á nokkrum vel völdum ævintýrum frá hinum danska höfund. Björgvin Franz Gíslason stelar senunni í þessu annars mjög flottu verki. Sýningin var fyrst sett á koppinn í fyrravetur og gengur enn vegna vinsælda. Sýningin hefst klukkan tvö og er hún sýnd á stóra sviði Þjóðleikhússins.



NAGLINN

Forsýning á nýju verki eftir Jón Gnarr. Þetta er harmleikur um karlmennskuna, saga manns sem finnst allt hafa farið til einskis þrátt fyrir allan sinn vilja til að standa sig. Gunnar Sigurðsson og Jón Stefán Kristjánsson sjá um leikinn. Jón kann að skemmta landanum með hnyttum og beinskeyttum hómur á kaldhæðinn hátt. Frumsýningin mun fara fram næsta kvöld. En forsýningin er í kvöld á Litla sviði Borgarleikhússins. Er miðaverð aðeins þúsund krónur.

TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpað fram í þessu leikriti sem er sýnt á Stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Bertolt Brecht og Kurt Weill kemur þetta brilljant leikrit sem sló í gegn þegar það kom út í Berlín. Leikritið fjallar um um skrautlegan lýð, broddborgara og bófa.



TYPPATAL

Auðunn Blöndal hefur farið á kostum í einleiknum Typpatal og hefur sýningin algjörlega slegið í gegn. Einleikurinn er um lillenmann almennt. Sigurður Sigurjónsson leikstýrir við þýðingu Jóns Atla Jónssonar. Höfundurinn Richard Herring byggir verkið á könnun sem hann gerði á netinu þar sem ýmsum spurningum um höfuðdjásn karlmansins var svarað. Núna hefur drengurinn skellt sér til höfuðstaðs Norðurlands, Akureyrar og mun sýningin fara fram í Sjallanum. Húsið opnar klukkan níu.

LAUGARDAGUR 21. JANÚAR

BELGÍSKA KONGÓ


Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún er ekki búin að tala við í sjö ár. Leikritið er sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppkomum.

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Híð geysivinsæla grínleikrit Fullkomið brúðkaup er í Leikfélagi Akureyrar og er að gera allt bandbrjálað þar á bæ. Sýningar hafa gengið fyrir fullu húsi síðan í haust. Þeir sem hafa ekki ennþá séð þetta skemmtilega stykki: Hei, kaupu þér miða og farðu klukkan sjö í kvöld!



HIMNARÍKI

Himnaríki var sýnt 1995-1996 og var sýningum hætt fyrir fullu húsi. Himnaríki hefur verið þýtt á fjölmörg tungumál og verið sýnt víða um heim. Guðlaug Elísabet, Jóhann G, Elma Líska og Friðrik Friðriksson fara meðal annars með hlutverk ásamt fleiri góðkunnnum leikurum. Sýningin hefst klukkan átta.

KALLI Á ÞAKINU

Í hlutverki Kalla á þakinu er enginn annar en Sveppi sjálfur. Þetta er bráðskemmtileg barnasýning fyrir alla fjölskylduna. Kalli verður í Borgarleikhúsinu klukkan tvö. Heimsins besti Kalli og það jafnast enginn á við hann.

NAGLINN

Frumnýning á nýju verki eftir Jón Gnarr í Borgarleikhúsinu í kvöld. Þetta er harmleikur um karlmennskuna, saga manns sem finnst allt hafa farið til einskis þrátt fyrir allan sinn vilja til að standa sig. Gunnar Sigurðsson og Jón Stefán Kristjánsson sjá um leikinn. Jón kann að skemmta landanum með hnyttum og beinskeyttum húmor á kaldhæðinn hátt.

TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpað fram í þessu leikriti sem er sýnt á Stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Bertolt Brecht og Kurt Weill kemur þetta brilljant leikrit sem sló í gegn þegar það kom út í Berlín. Leikritið fjallar um um skrautlegan lýð, broddborgara og bófa.

WOYZECK

Nick Cave sér um tónlistina í þessu leikriti sem er að gera góða hluti í Borgarleikhúsinu. Með aðalhlutverk fara Ingvar E. Sigurðsson, Björn Hlynur Haraldsson og Nína Dögg Filippusdóttir. Sýningin hefst kl. 20. Um er að ræða allra síðustu sýningar, þeir sem hafa ekki farið endilega skelli sér.

SUNNUDAGUR 22. JANÚAR



ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppkomum.

MINDCAMP

Það eru þeir Egill Heiðar Anton Pálsson, Jón Atli Jónsson og Jón Páll Eyjólfsson sem leiða saman hesta sína við smíði verksins Mindcamp sem sýnt er í Hafnarfjarðarleikhúsinu. en leikendurnir eða væri nær að segja flytjendur hafa lagt sitt í þúkkið. Flytjendur leggja sitt af mörkum við að brjóta leikformið undan yfirráðum persónusköpunar. Áhugaverð sýning.

MANNTAFL

Það eru síðustu sýningar á einleik Þórs Túlníus. Núna fer hver að verða síðastur að tékka á þessu snilldarleikriti sem er sýnt í Borgarleikhúsinu.



NAGLINN

Nýtt verki eftir Jón Gnarr. Þetta er harmleikur um karlmennskuna, saga manns sem finnst allt hafa farið til einskis þrátt fyrir allan sinn vilja til að standa sig. Gunnar Sigurðsson og Jón Stefán Kristjánsson sjá um leikinn. Jón kann að skemmta landanum með hnyttum og beinskeyttum húmor á kaldhæðinn hátt. Sýningin hefst klukkan átta í kvöld á Litla sviði Borgarleikhússins.

KALLI Á ÞAKINU

Í hlutverki Kalla á þakinu er enginn annar en Sveppi sjálfur. Þetta er bráðskemmtileg barnasýning fyrir alla fjölskylduna. Kalli verður í Borgarleikhúsinu klukkan tvö. Heimsins besti Kalli og það jafnast enginn á við hann.



SALKA VALKA

Íslenska hetjusagan eftir Halldór Laxness er sýnd í Borgarleikhúsinu klukkan átta. Þetta eru síðustu sýningar á þessu góða stykki. Ilmur Kristjánsdóttir fer á kostum sem Salka Valka og einnig Halldóra Geirharðsdóttir sem fer með hlutverk móður Sölu Völlu.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

Hægt er að fræðast um ævistarf Svövu Jakobsdóttur í Smíðaverkstæðinu í kvöld. Í tengslum við sýninguna Eldhús eftir máli er boðið upp á fyrirlestur, kvöldverð, leiksýninguna og umræður á eftir.

MÍÐVIKUDAGUR 25. JANÚAR

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppkomum.


FIMMTUDAGUR 26. JANÚAR

GLÆPUR GEGN DISKÓINU

Steypibaðsfélagið Stútur í samstarfi við Vesturport setur upp verkið Glæpur gegn diskóinu. Dauður köttur, diskókvöld sem aldrei átti sér stað, brjóstin á starfskonu Tryggingastofnunar og hauslausar dúfur eru vendipunktur í þessu mannlega ferðalagi um karlmennskuna. Þetta er eitthvað sem verður að kanna. Sýningin er klukkan átta á nýju sviði Borgarleikhússins.

CAPTAIN MORGAN I KAFFI

„Svona án alls gríns þá er það Captain í kaffi. Drykkinn uppgvötaði fyrir 3 árum vegna mistaka við blöndun. Þegar ég ætlaði að blanda hinn sígilda Captain í coke varð ég fyrir truflun sem olli því að ég hellti í bolla fullan af heitu kaffi. Við fyrsta sopann kom mér á óvart að þetta var bara alls ekkert slæmt. Síðan þetta gerðist hef ég kynnt drykkinn í öllum partium við góðar undirtektir og nú geturðu pantað Captain í kaffi á hvaða skemmtistað sem er í Reykjavík. Drekkja skal Captain í kaffi úr bolla en úr björglasi ef enginn bolla sé á staðnum. Þó ekki Bolla Thorarensen eða hvað sem hann heitir.“



Agúst Bjarnason viðskiptafræðingur.

ELSKAÐU



SJÁLFAÐ PIG

ALVÖRU BRAGÐ ENGINN SYKUR